



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2014/15

ICELAND
SYMPHONY
ORCHESTRA

Starfsárið
2014/15



Dagatal Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2014/15

2014

Ágúst / September

Mán. 18. ágúst » 19:30
Opið hús / PROMS

Bls. 15

Mán. 1. sept. » 20:00
101 Klassísk tónlist

Bls. 13

Fim. 4.sept. » 19:30
Upphafstónleikar með Litton
Tónleikakynning » 18:00

Bls. 19

Fim. 11. sept. » 19:30
Vikingur leikur Beethoven
Tónleikakynning » 18:00

Bls. 19

Fim. 18. sept. » 19:30
Úr nýja heiminum
Tónleikakynning » 18:00

Bls. 21

Lau. 20. sept. » 11:30
Barnastund Sinfóníunnar

Bls. 21

Fim. 25. sept. » 19:30
Eva og Mahler
Tónleikakynning » 18:00

Bls. 23

Október

Mið. 1. okt. » 19:30
Fim. 2. okt. » 19:30
Kissin og Ashkenazy

Bls. 23

Lau. 4. okt. » 14:00
Ástarsaga úr fjöllum

Bls. 25

Sun. 5. okt. » 17:00
Petri stjórnar Ungsveitinni

Bls. 25

Fim. 23. okt. » 19:30
Rússneskir meistarar
Tónleikakynning » 18:00

Bls. 29

Fös. 24. okt. » 12:10
Hádegistónleikar í Flóa

Bls. 29

Nóvember / Desember

Fim. 6. nóv. » 19:30
Rumon stjórnar Korngold
Tónleikakynning » 18:00

Bls. 31

Fös. 7. nóv. » 20:00
The Miners' Hymns

Bls. 31

Fim. 27. nóv. » 19:30
Sellókonsert og sínfónía
Tónleikakynning » 18:00

Bls. 33

Fim. 4. des. » 19:30
Aðventutónleikar Sinfóníunnar

Bls. 33

Lau. 13. des. » 14:00 Sun. 14. des. » 14:00
Lau. 13. des. » 16:00
Jólatónleikar Sinfóníunnar

Bls. 35

2015

Janúar

Fim. 8. jan. » 19:30 Lau. 10. jan. » 16:00
Fös. 9. jan. » 19:30 Lau. 10. jan. » 19:30
Vínartónleikar 2015

Bls. 39

Fim. 15. jan. » 19:30
Ungir einleikarar

Bls. 41

Fim. 22. jan. » 19:30
Macbeth og Kullervo
Tónleikakynning » 18:00

Bls. 41

Fim. 29. jan. » 19:30
Meistarataktar

Bls. 43

Febrúar

Fim. 5. feb. » 19:30
Sinfóníur nr. 3 með Osmo

Bls. 43

Lau. 14. feb. » 11:30
Barnastund Sinfóníunnar

Bls. 45

Lau. 14. feb. » 14:00
Hetjur og valkyrjur

Bls. 45

Fim. 19. feb. » 19:30
Beethoven og Stravinskíj

Bls. 47

Fös. 20. feb. » 12:10
Hádegistónleikar í Flóa

Bls. 47

Mið. 25. feb. » 20:00
Fim. 26. feb. » 20:00
Eivør í Norðurljósum

Bls. 49

Mars

Fim. 5. mars » 19:30
Tine Thing og Tortelier
Tónleikakynning » 18:00

Bls. 49

Fim. 12. mars » 19:30
Anna-Maria stjórnar Sibeliusi
Tónleikakynning » 18:00

Bls. 53

Fös. 13. mars » 19:30
Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hofi

Bls. 53

Fim. 26. mars » 19:30
Benedetti leikur Mozart
Tónleikakynning » 18:00

Bls. 55

Apríl

Fim. 9. apríl » 19:30
Meiri Mozart
Tónleikakynning » 18:00

Bls. 55

16., 17. & 18. apríl
Tectonics Reykjavík

Bls. 57

Lau. 25. apríl » 14:00
Dimmalimm og Svanavatnið

Bls. 59

Fim. 30. apríl » 19:30
Postnikova og Rozhdestvenskíj
Tónleikakynning » 18:00

Bls. 59

Maí

Fös. 8. maí » 19:30
Lau. 9. maí » 15:00
Chaplin – Modern Times

Bls. 61

Mið. 13. maí » 19:30
Rómeó og Júlía

Bls. 61

Fös. 22. maí. » 19:30
Peter Grimes á Listahátíð

Bls. 63

Fim. 28. maí » 19:30
Chopin og Nielsen
Tónleikakynning » 18:00

Bls. 63

Júní

Fim. 4. júní » 19:30
Sumarblær með Dvořák

Bls. 65

Fim. 11. júní » 19:30
Höfuðtónskáld og frumkvöðlar

Bls. 65

Miðasala í Hörpu www.sinfonia.is / s: 528 5050

Yfirlit yfir áskriftaraðir er á bls. 68-73.
Upplýsingar um verð og sætaskipan er að finna á bls. 78-79.



Velkomin á tónleika



Peir sem eru með græna fingur hafa kynnst þeim breytingum sem verða á plöntu við umpottun. Þegar plantan kemst í stærri pott þar sem ræturnar fá nýja næringu líður ekki á löngu þar til blöðin taka að breiða úr sér og blómin verða fallegri. Við bættar aðstæður hefur plantan möguleika á að vaxa og dafna.

Að mörgu leyti má líkja þeim breytingum sem urðu á aðstæðum Sinfóníuhljómsveitar Íslands við að flytja úr Háskólabíói í Hörpu við umpottun. Hljómsveitin hefur fest rætur í nýjum heimkynnum og hljómur hljómsveitarinnar er að þroskast og breytast. Hægt og örugglega eru hljóðfæraleikararnir að læra inn á hljómburðinn í Eldborg og átta sig á hversu veikt er hægt að spila og hversu mikinn hljóm salurinn þolir. Við erum því stödd í miklu þroskaferli í sögu hljómsveitar-

innar. Fyrir okkur sem erum svo heppin að vera hluti af hljómsveitinni á þessum tímamótum hefur þetta verið ævintýri líkast.

Og ævintýrið heldur áfram. Við hefjum starfsárið í Royal Albert Hall á Proms, tónlistarhátið BBC. Tónleikunum stjórnar Ilan Volkov og með þeim má segja að hann kveðji hljómsveitina en hann hefur verið aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 2011.

Leitin að nýjum aðalhljómsveitarstjóra er hafin. Það styrkir stöðu okkar að í gegnum tíðina höfum við byggt upp nán sambönd við fyrrum aðalhljómsveitarstjóra okkar.

Samið hefur verið við Osmo Vänskä um að vera aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands næstu þrjú starfsár. Osmo nær að laða fram það besta í hljómsveitinni og er á hátindi ferils síns en túlkun hans á þriðju sífóníu Mahlers var einn af hápunktum síðasta starfsárs. Petri Sakari og Rumon Gamba snúa sömuleiðis aftur og gaman verður að sjá Rico Sacconi á ný á stjórnandapallinum.

Vladimir Ashkenazy, heiðursstjórnandi, kemur með vin sinn og samlanda Evgeny Kissin í september. Þessir tveir heimsþekktu tónlistarmenn munu ásamt hljómsveitinni flytja píanókoncert nr. 2 eftir Rakhmanínov.

Það er okkur einstakt gleðiefni að Árni Heimir Ingólfsson snýr aftur til hljómsveitarinnar sem listrænn ráðgjafi og

Daníel Bjarnason mun verða staðarlistamaður hljómsveitarinnar frá áramótum og gegna margþættu hlutverki, enda fjölhæfur listamaður sem bæði getur samið fyrir og stjórnað sífóníuhljómsveit. Sífóníuhljómsveit Íslands leggur mikinn metnað í barna- og fjölskyldutónleikana en Litli tónsprotinn verður einstaklega glæsilegur í ár. Þar koma fram tröll og hetjur, valkyrjur og prinsessur og eins gott að trúðurinn Barbara hafi hemil á þeim öllum.

Það yrði of langt mál að rekja alla dag-skrána en þó langar mig í lokin að minnst sérstaklega á lokatónleika starfsársins sem helgaðir eru hátíðarhöldum í tilefni af 100 ára kosningarétti kvenna. Þar mun hin brasilíska Lígia Amadio standa á hljómsveitarstjórapallinum og stjórna verkum eftir konur, meðal annars bresku kvenréttindakonuna Ethel Smythe.

Ég hvet þig til að kynna þér efnisskrá hljómsveitarinnar sem er í senn mjög fjölbreytt og metnaðarfull. Áskrift að tónleikum er áskrift að stefnumóti við sjálfan sig í samneyti við aðra. Galdurinn sem á sér stað milli hljómsveitarinnar á sviðinu og áheyrenda úti í sal við lifandi tónlistarflutning verður aðeins til þá einu stund. Ég vona að þú njótir þeirrar stundar með okkur.

Arna Kristín Einarsdóttir
framkvæmdastjóri

🐦 @AKEinarsdottir

Regnbogakort

Settu saman þína tónleikaröð með 20%-50% afslætti

Með Regnbogakorti ert þú listrænn stjórnandi á þínu heimili. Þú velur þá tónleika sem höfða helst til þín af öllum tónleikum starfsársins og tryggir þér gott sæti með 20% afslætti. Hægt er að kaupa Regnbogakort með í það minnsta fenum tónleikum eða fleiri, eftir því sem best hentar.

Regnbogakort er frábær kostur fyrir 25 ára og yngri, sem fá 50% afslátt af miðaverði á verðsvæðum 2, 3 og 4.

Ungt fólk borgar helmingi minna!

Nokkrar skemmtilegar tillögur að Regnbogakorti:

Stórbrotið og spennandi Ómissandi á Regnbogakort þeirra sem vilja stórbrotna og kröftuga símfóniútónleika:



Úr nýja heiminum 18.09.14
Eva og Mahler 25.09.14
Kissin og Ashkenazy 01./02.10.14
Macbeth og Kullervo 22.01.15
Sinfóniur nr. 3 með Osmo 05.02.15
Rómeó og Júlía 13.05.15
Peter Grimes á Listahátíð 22.05.15
Chopin og Nielsen 28.05.15

Söngvaraveisla Fyrir þá sem hafa yndi af frábærum söng gæti Regnbogakortið litið svona út:



Upphafstónleikar með Litton 04.09.14
Vínartónleikar 08./09./10.01.15
Macbeth og Kullervo 22.01.15
Eivör í Norðurljósum 25./26.02.15
Peter Grimes á Listahátíð 22.05.15

Sólistar í fremstu röð Enginn verður svikinn af því að setja þessa snillinga á Regnbogakortið sitt:



Víkingur Heiðar Ólafsson 11.09.14.
Eva Þórarinsdóttir 25.09.14
Evgeny Kissin 01./02.10.14
Pekka Kuusisto 19.02.15
Tine Thing Helseth 05.03.15
Nicola Benedetti 26.03.15
Viktoria Postnikova 30.04.15
Simon Trpčeski 28.05.15

Létt og skemmtilegt Chaplin, Eivör, Vínartónleikar! Einmitt það sem þarf með á Regnbogakortið til að auka á fjölbreytileikann.



Aðventutónleikar 04.12.14
Vínartónleikar 2015 08./09./10.01.15
Eivör í Norðurljósum 25./26.02.15
Chaplin - Modern Times 08./09.05.15
Rómeó og Júlía 13.05.15

Sala nýrra Regnbogakorta hefst 25. júní.

Áskriftarkort

Finndu þinn lit og fast sæti í allan vetur

Áskrift veitir þér 20-30% afslátt af tónleikum í hverri röð og er jafnframt hvatning til að sækja tónleika reglulega. Áskrifandi bíður ekki í röð í miðasölu fyrir tónleika, gengur alltaf að sæti sínu vísu og á forkaupsrétt á sætinu þegar áskrift er endurnýjuð. Hægt er að borga með léttgreiðslum og jafnframt fá áskrifendur 10% afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika og 15% afslátt í verslun 12 Tóna.

- Ein áskrift veitir 20% afslátt.
- Tvær áskriftaraðir, t.d. Gul og Rauð, veita 25% afslátt.
- Þrjár áskriftaraðir, Gul, Rauð og Græn, veita 30% afslátt.
- Afsláttur er af almennu miðaverði.

Yfirlit yfir tónleikaraðir ásamt upplýsingum um verð og sætaskipan er að finna á bls. 68-75.

Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og góðan afslátt – og drífa sig af stað!

Gula röðin er afbragðskostur fyrir þá sem vilja heyra fjölbreytilega klassíska tónlist.



Víkingur leikur Beethoven 11.09.14
Eva og Mahler 25.09.14
Sellókonsert og símfónía 27.11.14
Sinfóniur nr. 3 með Osmo 05.02.15
Tine Thing og Tortelier 05.03.15
Postnikova og Rozhdestvenskij 30.04.15
Sumarblær með Dvórak 04.06.15

Græna röðin þeir sem hafa gaman af vinsælli klassík af léttara taginu ættu að kynna sér Grænu röðina.



Úr nýja heiminum 18.09.14
Rússneskir meistarar 23.10.14
Vínartónleikar 2015 08.01.15
Anna-Maria stjórnar Sibeliusi 12.03.15
Meiri Mozart 09.04.15

Rauða röðin Fyrir þá sem vilja hlusta á stóra símfóniuhljómsveit í öllu sínu veldi leika kröftuga og áhrifamikla tónlist.



Upphafstónleikar með Litton 04.09.14
Kissin og Ashkenazy 02.10.14
Rumon stjórnar Korngold 06.11.14
Macbeth og Kullervo 22.01.15
Beethoven og Stravinskij 19.02.15
Benedetti leikur Mozart 26.03.15
Chopin og Nielsen 28.05.15

Litli tónsprotinn Áskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem yngstu tónlistarunnendurnir fá tækifæri til að kynna töfrum tónlistarinnar.



Ástarsaga úr fjöllumum 04.10.14
Jólatónleikar Símfóníunnar 13.12.14
Hetjur og valkyrjur 14.02.15
Dimmalimm og Svanavatnið 25.04.15

Miðasala í Hörpu www.sinfonia.is / s: 528 5050

Í Hörpu virka daga kl. 9-18 og um helgar kl. 10-18. midasala@harpa.is / www.sinfonia.is / www.harpa.is

Endurnýjun korta hefst 18. júní og sala nýrra áskrifta- og Regnbogakorta hefst 25. júní. Almenn miðasala hefst 19. ágúst.





Osmo Vänskä aðalgestastjórnandi næstu þrjú starfsár

Finnski hljómsveitarstjórinn Osmo Vänskä mun taka við stöðu aðalgestastjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands á starfsárinu 2014–15. Þetta er vitaskuld einstakt ánægjuefni fyrir hljómsveitina enda stendur Osmo á hátindi ferils síns um þessar mundir. Vänskä hefur stjórnað öllum helstu hljómsveitum heims og hefur verið aðalstjórnandi Minnesota-hljómsveitarinnar frá árinu 2003. Hann hefur hlotið mikið lof fyrir starf sitt með þeirri sveit, hefur m.a. hljóðritað með henni allar sinfóníur Beethovens og um þann flutning sagði gagnrýnandi New York Times að þar væri komin „hin fullkomna Beethoven-túlkun okkar tíma“. Fyrr á þessu ári hlutu Vänskä og Minnesota-hljómsveitin Grammy-verðlaun fyrir hljóðritun sína á sinfóníum Sibelíusar.

Vänskä hefur hljóðritað fyrir sænska forlagið BIS um áratugaskeið, meðal annars tvo hljómdiska með Sinfóníuhljómsveit Íslands sem hafa hlotið afbragðs dóma á heimsvísu.

Vänskä er íslenskum tónlistarunnendum að góðu kunnur. Hann var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands árin 1993–96 og stýrði hljómsveitinni á merkum tónleikum í Carnegie Hall árið 1996. Frá árinu 2010 hefur hann komið hingað til lands árlega og er það mat manna að hljómsveitin hljómi sjaldan betur en undir hans stjórn. Eitt dæmi þess er túlkun hans á þriðju sinfóníu Mahlers sem var einn af hápunktum nýliðinnar Listahátíðar í Reykjavík.



101 Klassísk tónlist

Mánudagskvöldið 1. september stendur Vínafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir fyrirlestri Árna Heimis Ingólfssonar, „101 Klassísk tónlist“. Í fyrirlestrinum, sem hefst kl. 20 í Kaldalóni í Hörpu, stiklar Árni Heimir á stóru um sögu klassískrar tónlistar, sinfóníuformið, og ólíkar leiðir til þess að njóta sígildrar tónlistar. Kynningin er sérstaklega ætluð þeim sem hafa lítil kynni haft af klassískri tónlist en hafa áhuga á að kynnast þeim töfrum sem hún býr yfir.

Árni Heimir Ingólfsson lauk doktorsprófi í tónlistarfræði frá Harvard-háskóla árið 2003 og starfar nú sem listrænn ráðgjafi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Sérstök áhersla verður lögð á að kynna hápunkta vetrarins í dagskrá Sinfóníunnar og að erindinu loknu verður Árni Heimir til ráðgjafar um val á tónleikum fyrir Regnbogaáskrift.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



Vínafélag Sinfóníunnar

Vínafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands er öflugur vettvangur fyrir þá sem láta sig starfsemi hljómsveitarinnar miklu varða. Félagið hefur í gegnum tíðina staðið fyrir tónleikakynningum, fyrirlestrum og málþingum um sígilda tónlist og hefur einnig styrkt fjárhagslega ákveðin verkefni tengd hljómsveitinni. Starfsemi félagsins hefur mælst afar vel fyrir.

Sinfóníuhljómsveit Íslands býður vinum sínum á opna æfingu einu sinni á ári. Allir geta orðið meðlimir í Vínafélaginu og hægt er að skrá sig á sinfonia.is eða í miðasölu Hörpu. Árgjaldið er 3.500 krónur.

Öflugt fræðslustarf

Fræðslustarf er mikilvægur þáttur í starfsemi Sinfóníuhljóm- sveitarinnar og hefur verið allt frá stofnun hennar. Fræðslu- starfið byggir á gömlum merg en er í stöðugri framþróun þar sem áhersla er lögð á gæði og fjölbreytta miðlun. Boðið er upp á skólatónleika, opnar æfingar fyrir framhaldsskóla- og tónlistarnema, farið í heimsóknir í skóla og umönnunarstofn- anir og eldri borgurum boðið í heimsókn.

Á hverju starfsári heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands fjölmarga skólatónleika þar sem nemendum, allt frá leikskólaaldri til framhaldsskólanema, er boðið að hlusta á vandaða dagskrá í tali og tónum. Nánari upplýsingar er að finna á bls. 76.



Tónleikakynningar

Tónleikakynningar í Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg Vínafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í samvinnu við Sinfóníuhljómsveitina, býður upp á fjórtán tónleikakynningar í Hörpuhorni á starfsárinu. Hörpuhornið opnar á tónleikadegi kl. 18:00 og gefst gestum tækifæri til að sitja í fallegu umhverfi og kaupa veitingar. Sjálf kynningin hefst kl. 18:20 og stendur í hálf tíma. Kynningarnar eru áhugasömum að kostnaðarlausu. Tónleikakynningar í gulri og rauðri röð eru í umsjá Sigurðar Ingva Snorrasonar klarínettuleikara og Helga Jónssonar tónlistarfræðings en Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri hljómsveitarinnar, sér um kynningar í grænu röðinn.

Margrómaðar hljóðritanir

Sinfóníuhljómsveit Íslands gefur reglulega út hljóðritanir á vegum útgáfufyrirtækjanna BIS, Chandos og Naxos. Heildarhljóðritun hennar á síföngum eftir Jean Sibelius undir stjórn Petris Sakari hefur hlotið mikið lof og er metsöluútgáfa Sinfóníunnar til þessa. Hljómsveitin vinnur nú að heildarhljóð- ritun á verkum Jóns Leifs (BIS) og Vincents d'Indy (Chandos). Fyrsti diskurinn í síðarnefndri röð var tilnefndur til Grammy- verðlauna fyrir besta hljómsveitarflutning árið 2009.

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru reglulega sendir út beint á Rás 1 á RÚV. Hægt er að nálgast upptökurnar í takmarkaðan tíma eftir útsendingu á vef RÚV.



Opið hús – Upphitun fyrir PROMS

Mán. 18. ágúst » 19:30 Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur verið boðið að leika á Proms-tónlistarhátíðinni í London, einni allra þekktustu og virtustu tónlistarhátíð heims, undir stjórn Ilans Volkov. Tónleikar sveitarinnar verða haldnir í Royal Albert Hall 22. ágúst. Á dagskrá verða bæði íslensk og erlend verk. Hljómsveitin leikur Geysi eftir Jón Leifs og Magma eftir Hauk Tómasson. Þá er á efnisskránni píanó- konsert eftir Robert Schumann og eitt þekktasta verk tón- bókmenntanna, 5. sínfónía Beethovens.

Í tilefni af ferð hljómsveitarinnar á Proms verða haldnir opnir tónleikar í Eldborg mánudaginn 18. ágúst. Þar býst gestum að hlýða á sömu efnisskrá og hljómsveitin flytur í Royal Albert Hall í London.

Einleikari á tónleikunum er bandaríski píanóleikarinn Jonath- an Biss. Hann er einn af eftirtektarverðustu píanóleikurum sem komið hafa fram á sjónarsviðið á undanföllum árum. Biss hefur helgað sig píanótónlist Schumanns og leikið verk hans á yfir fimmtíu tónleikum um allan heim.

Ilan Volkov fæddist í Ísrael árið 1976 og hóf tónlistarnám ungur að árum. Hann varð aðstoðarstjórnandi Northern Sinfonia á Englandi 19 ára gamall og árið 1997 tók hann við samskonar stöðu við hlið Seijis Ozawa við Sinfóníuhljóm- sveitina í Boston. Hann var valinn aðalstjórnandi skosku BBC-hljómsveitarinnar árið 2003 og var þá yngsti stjórn- andinn til að gegna slíkri stöðu við bresku útvarpshljómsveit- irnar. Hann stýrði hljómsveitinni meðal annars á Proms- og Edinborgarhátíðunum.

Ilan Volkov tók við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands í september 2011. Á Proms-tónleikum sveitarinnar í Royal Albert Hall kveð- ur Volkov sem aðalhljómsveitarstjóri en mun halda áfram að stjórna Tectonics-tónlistarhátíðinni á Íslandi sem hann stofnaði til árið 2012.

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Haust, vetur og vor
2014/15





Andrew Litton



Golda Schultz



Víkingur Heiðar Ólafsson

Fim. 4. sept. » 19:30

Upphafstónleikar með Litton

Richard Strauss
Ævintýri Ugluspegils
Sex Brentano-söngvar
Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 7

Andrew Litton
hljómveitarstjóri
Golda Schultz
einsöngvari

Andrew Litton hefur um árabíl verið meðal virtustu hljómveitarstjóra Bandaríkjanna. Hann hefur hlotið Grammy-verðlaun fyrir samvinnu sína við Bryn Terfel og hefur hljóðritað um 120 geisladiska. Hann hefur um árabíl verið aðalstjórnandi Fílharmóníuhljómveitarinnar í Bergen og vakið þar mikla aðdáun fyrir líflegan og innblásinn stíl. Það er sannkallað fagnaðarefni að fá hann í fyrsta sinn til Íslands.

Ævintýri Ugluspegils er hið vinsælasta af tónaljóðum Richards Strauss, fjörug og skondin lýsing á uppátækjum ævintýramanns sem er staðráðinn í að njóta lífsins til fullnustu.

Á þessum tónleikum hljómar sjöunda sinfónía Beethovens, sem er ein glaðværa sinfónía meistarans. Richard

Wagner sagði að í henni væri „dansinn hafinn upp í æðra veldi“.

Suður-afríska sópransöngkonan Golda Schultz nam við hinn víðkunna Juilliard-tónlistarskóla í New York og hefur á undanfönum árum hlotið frábærar viðtökur fyrir kristaltæran söng sinn. Lagræn gáfa Strauss naut sín hvergi betur en í skrifum hans fyrir sópranróddina og Brentano-söngvarnir frá 1918 eru frábært dæmi um snilligáfu tónskáldsins.

Tónleikakynning » 18:00

Fim. 11. sept. » 19:30

Víkingur leikur Beethoven

Páll Pampichler Pálsson *Largo mistico*
Ludwig van Beethoven
Píanókonert nr. 1
Sergej Prokofjev *Sinfónía nr. 6*
Pietari Inkinen hljómveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Víkingur Heiðar er leiðandi afl í íslensku tónlistarlífi og hefur vakið alþjóðlega athygli fyrir persónulega og fágaða túlkun á fjölbreyttum viðfangsefnum. Glæsilegur flutningur hans á 1. píanókonert Brahms í Eldborg er enn í fersku minni og nú tekst hann á við 1. píanókonert Beethovens sem var á líku reki og Víkingur þegar hann frumflutti konsertinn í Vínarborg árið 1801. Fyrsti píanókonert Beethovens er fullur af glettnislegu fjöri, melódískri heiðríkju og ungæðislegum krafti.

Finnski hljómveitarstjórinn Pietari Inkinen var aðeins 27 ára gamall þegar hann var ráðinn sem aðalstjórnandi Nýsjálensku sinfóníuhljómveitarinnar. Þá hefur hann stjórnað þekktum hljómveitum víða um heim. Inkinen stendur nú í sjötta sinn á stjórnendapalli Sinfóníuhljómveitar Íslands.

Páll Pampichler Pálsson kom ungur til Íslands og helgaði íslensku tónlistarlífi starfsævi sína. Undanfarin ár hefur tónsköpun átt hug hans allan og fer verkalistinn að nálgast þriggja stafa tölu. *Largo mistico* er íhugult verk frá árinu 2012.

6. sinfónía Prokofjevs er stórbrotið tregaljóð til minningar um hörmungar síðari heimsstyrjaldarinnar.

Tónleikakynning » 18:00



Barnabás Kelemen

Eivind Aadland



Barnastund Sinfóníunnar

Fim. 18. sept. » 19:30

Úr nýja heiminum

Bedřich Smetana *Moldá*
Sergej Prokofjev
Fiðlukonsert nr. 2
Antonín Dvořák
Sinfónía nr. 9, „Úr nýja heiminum“
Eivind Aadland hljóm-
sveitarstjóri
Barnabás Kelemen einleikari

Tvö vinsælustu verk tékknesku snillinganna Smetana og Dvořáks hljóma á þessum tónleikum. Í tónaljóðinu *Moldá* er samnefndu fljóti fylgt um fjölbreytt landslag; meðal þess sem getur að líta og heyra er bændabrúðkaup og vatnadrísir að leik í tunglskininu. Dvořák var um þriggja ára skeið búsettur í Bandaríkjunum og sótti þá innblástur í tónlist heimanna. Sinfónían „Úr nýja heiminum“ er lykilverk í þjóðlegri sinfóníusmíði 19. aldar, hrifandi samruni gamla heimsins og hins nýja, og býr yfir ljóðrænu og krafti.

„Tónlist okkar tíma á fyrst og fremst að vera lagræn, en þótt laglínan sé einföld og aðgengileg má hún ekki verða klén eða fyrirsjáanleg.“ Svo komst Prokofjev að orði um það leyti sem hann samdi seinni fiðlukonsert sinn og því kemur vart á óvart að umrædd tónsmíð skuli vera sérlega ljóðræn og áferðarfögur.

Tónleikakynning » 18:00

Ungverski fiðluleikarinn Barnabás Kelemen hefur hlotið verðskuldað lof fyrir einstaka hæfileika sína og útgeislun. Hann sigraði í Indianapolis-keppninni í Bandaríkjunum, sem er ein virtasta fiðlu-keppni í heimi. Tónleikar hans í Salnum í Kópavogi árið 2004 þóttu ógleymanlegir. „Svona heimsóknir eru einmitt það sem vantar hvað mest í afskekktu tónlistarlífi hjarans“, komst gagnrýnandi *Morgunblaðsins* að orði.

Eivind Aadland er einn kunnasti hljóm-
sveitarstjóri Noregs og hefur á síðustu árum orðið vinsæll fastagestur hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Lau. 20. sept. » 11:30

Barnastund Sinfóníunnar

Barnastundin er ætluð yngstu hlustendum. Í Barnastundinni er flutt tónlist í um það bil 30 mínútur í Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg. Tónlistin og lengd Barnastundarinnar eru sérstaklega sniðin að þeim hópi sem er of ungur til að sitja heila tónleika í Litla tónsprotanum. Barnastundin með Sinfóníunni er börnum í fylgd forráðamanna sinna að kostnaðarlausu. Kynnir í Barnastundinni er Barbara trúður og sérstakur gestur verður Maxímús Músíkús. Tónleikagestir eru hvattir til að taka með sér púða til að sitja á.

Í Barnastundinni laugardaginn 20. september verður flutt fjölbreytt dagskrá af hljóðfæraleikurum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, úrval léttra og skemmtilegra laga sem eru í senn tröllsleg og fínleg og koma öllum í gott skap.

Aðgangur er ókeypis.

„Strengjahljómur sykursætur svífur inn í hjartarætur.“

— Úr laginu hans Maxa



Eva Þórarinsdóttir

Lionel Bringuier

Fim. 25. sept. » 19:30

Eva og Mahler

Max Bruch *Fiðlukonsert nr. 1*
Gustav Mahler *Sinfónía nr. 5*

Lionel Bringuier
hljómssveitarstjóri
Eva Þórarinsdóttir einleikari

Eva Þórarinsdóttir fluttist til Lundúna tólf ára gömul til að nema við Menuhin-skólann og hefur undanfarin ár vakið mikla hrifningu fyrir leik sinn. Hún hlaut 3. verðlaun og áheyrendaverðlaun í Carl Nielsen fiðlukeppninni árið 2012 og víst er að margir bíða spenntir eftir að heyra hana leika einleik með SÍ. Fiðlukonsert Max Bruch er hans dádasta verk og einn vinsælasti fiðlukonsert 19. aldar.

Hljómssveitarstjórinn Lionel Bringuier er enn ungur að árum en hefur vakið mikla eftirtekt í tónlistarheiminum. Hann hefur meðal annars hlaupið í skarðið fyrir Gustavo Dudamel í Los Angeles og tekur í haust við stöðu aðalstjórnanda hinnar víðfrægu Tonhalle-hljómssveitar í Zürich.

Fáir kunnu betur listina að semja fyrir stóra sinfóníuhljómssveit en Gustav Mahler og fimmta sinfónía hans er eitt glæsilegasta hljómssveitarverk sögunnar. Tónlistin spannar allt litróf mannglegra tilfinninga, allt frá dramatískum útfararmarsi upphafsþáttarins til glæsilegs lokakafla þar sem allt leikur á reiðiskjálfi.

Tónleikakynning » 18:00



Evgeny Kissin

Mið. 1. okt. » 19:30

Fim. 2. okt. » 19:30

Johannes Brahms *Sinfónía nr. 3*
Sergej Rakhmanínov
Píanókonsert nr. 2

Vladimir Ashkenazy hljómssveitarstjóri
Evgeny Kissin einleikari

Kissin og Ashkenazy

Evgeny Kissin er tvímælalaust einn mesti píanóleikari samtímans. Hann vakti heimsathygli þegar hann hljóðritaði báða píanókonserter Chopins aðeins 12 ára gamall og hefur um áratugaskeið verið fastagestur í öllum helstu tónleikasölum heims. Samstarf þeirra Ashkenazys á sér langa sögu og árið 2010 hlutu þeir saman Grammy-verðlaun fyrir hljóðritun sína á píanókonserterum Prokofíevs. Þetta er í fyrsta sinn sem Kissin leikur með Sinfóníuhljómssveit Íslands.

Hann steig sín fyrstu skref sem hljómssveitarstjóri með Sinfóníuhljómssveit Íslands árið 1972 og hefur síðan stýrt flestum helstu hljómssveitum heims.

Píanókonsert nr. 2 eftir Rakhmanínov er einn dádasti konsert allra tíma. Tónlistin er kraftmikil, ólgandi, tregafull, angurvær – konsertin bókstaflega ólgar af tilfinningu frá fyrsta takti til hins síðasta.

Vladimir Ashkenazy er óparfi að kynna fyrir íslenskum tónlistarunnendum. Hann hefur verið í hópi fremstu hljóðfæraleikara heims í meira en hálfa öld, eða allt frá því hann komst á verðlaunapall í þremur helstu tónlistarkeppnum heims með aðeins fárra ára millibili. Ashkenazy á glæsilegan feril að baki í hljóðverinu og hefur hlotið sex Grammy-verðlaun.

Brahms hlaut aldrei betri viðtökur á ferli sínum en þegar 3. sinfónía hans var frumflutt í Vínarborg í desember 1883. Verkið byggir hann á stuttri tónaröð sem sögð var tjá hug hans til piparsveinalífsins sem hann lifði alla ævi: „Frei aber froh“ – frjáls en glaður. Þriðji þátturinn er vinsælastur þeirra allra, með þokkafullu en tregablöndnu sellósteffi sem hefur margoft hljómað í kvikmyndum.



Litli tónsprotinn

Lau. 4. okt. » 14:00

Ástarsaga úr fjöllum

Guðni Franzson
Ástarsaga úr fjöllum
Edvard Grieg
Prelúdíá úr Holberg-svítunni
Tröllumars

Guðni Franzson
hljómsveitarstjóri
Egill Ólafsson sögumaður

Í *Ástarsögu úr fjöllum* er skyggst inn í heim íslenskra trölla á hugljúfan og hnyttinn hátt. Þetta ástsæla ævintýri Guðrúnar Helgadóttur, sem byggir á arfleifð íslenskra þjóðsagna og ævintýra, verður nú flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands, undir stjórn tónskáldsins Guðna Franzsonar, í nýjum sífónískum búningi. Í tónlistinni dregur Guðni upp litríkar hljóðmyndir af dulúðugum, spennandi og tregafullum heimi tröllanna og við sögusteininn situr Egill Ólafsson sem flytur ævintýrið í tali og tónum á sinn óviðjafnanlega hátt.

Til að skapa tröllum réttu umgjörð í Eldborgarsal Hörpu verður kraftmiklum tröllumyndum Brians Pilkington varpað upp meðan á flutningi stendur. Dagskrána ramma svo inn tvö af myndrænni verkum Edvards Grieg, forleikurinn að *Holberg-svítunni* sem er í gömlum stíl og hentur því tröllum sérlega vel og svo sjálfur *Tröllumarsinn*.

„Mikið var skessan hreykin af sonunum sínum átta. Og hún elskaði þá svo mikið að hana verkjaði í stóra tröllshjartað sitt.“

— Úr *Ástarsögu úr fjöllum*



Sun. 5. okt. » 17:00

Petri stjórnar Ungsveitinni

Pjotr Tsjajkovskij
Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur
Modest Músorgskij *Myndir á sýningu*
Ungsveit SÍ
Petri Sakari hljómsveitarstjóri

Undanfarin fimm ár hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman undir merkjum Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og náð undraverðum árangri undir leiðsögn framúrskarandi hljóðfæraleikara og stjórnenda.

Viðfangsefni Ungsveitar SÍ að þessu sinni eru tvö öndvegisverk rússneskrar tónlistar. Kraftmikill forleikur Tsjajkovskíj um *Rómeó og Júlíu* hentar vitaskuld vel ungu tónlistarfólki, það sama gildir um sívinsæla svítu Músorgskíj, *Myndir á sýningu*, í litríkri útsetningu Ravels.

Stjórnandi Ungsveitar SÍ er finnski hljómsveitarstjórinn Petri Sakari, fyrrum aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Ungsveit SÍ var stofnuð árið 2009 til þess að gefa lengra komnum tónlistarnemum tækifæri til að starfa í umhverfi atvinnutónlistarmanna. Ungsveitin er hluti af metnaðarfullu fræðslustarfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Einstaklega skemmtilegir og spennandi tónleikar; vorblóminn í íslensku tónlistarlífi sýnir sig og sannar á stóra sviðinu.





Tanja Tetzlaff



Pascal Rophé

Fim. 23. okt. » 19:30

Rússneskir meistarar

Sergej Rakhmanínov *Kletturinn*
Pjotr Tsjajkovskij *Rókókó-tilbrigðin*
Dmítrij Shostakovitsj *Sinfónía nr. 9*

Pascal Rophé hljómveitarstjóri
Tanja Tetzlaff einleikari

Franski hljómveitarstjórinn Pascal Rophé er einn virtasti túlkandi tónlistar 20. aldarinnar og reglulegur gestastjórnandi helstu sinfóníuhljómsveita og samtímahópa í Evrópu. Rophé stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands síðast í maí 2013 á tónleikum Listahátíðar við frábærar undirtektir.

Tanja Tetzlaff, sellóleikari, hefur komið fram með leiðandi hljómsveitum í Evrópu, Bandaríkjunum og Ástralíu. Tetzlaff er framúrskarandi kammertónlistarmaður og stofnaði ásamt Christian bróður sínum Tetzlaff-kvartettinn.

Utyos eða *Kletturinn* var fyrsta hljómveitarverkið sem Sergej Rakhmanínov gaf út, samið undir áhrifum frá samnefndu ljóði Lermontovs. Tónskáldið lék píanógerð verksins fyrir Tsjajkovskij sem

fannst mikið til koma. Þó Tsjajkovskij hafi ekki samið eiginlegan sellókoncert þá eru *Rókókó-tilbrigðin* fyrir selló og hljómsveit af sambærilegri stærðargráðu. Óþýðu rókókósteffinu fylgja sjö tilbrigði þar sem handbragð Tsjajkovskís, eins og það gerist best, leynir sér ekki.

Níunda sinfónía Shostakovitsj var samin við lok stríðsins 1945. Vonir voru bundnar við stórvirki með æðri tilgang en í staðinn tefldi Shostakovitsj fram sinfóníu sem var skopstæling á klassískri tónlist. Á þessum meistaratónleikum heyrir rússnesk tónlist eins og hún gerist best.

Tónleikakynning » 18:00



Fös. 24. okt. » 12:10

Hádegistónleikar í Flóa

Pascal Rophé hljómveitarstjóri

Föstudaginn 24. október býður hljómveitin gestum og gangandi á opna hádegistónleika í Flóa í Hörpu þar sem flutt verður tónlist eftir Rakhmanínov og Shostakovitsj. Tónleikarnir hefjast kl. 12.10 og standa í rúman hálf tíma.

Mikil ánægja var með fyrstu hádegistónleika hljómveitarinnar á vordögum 2014 þegar hún hélt sína fyrstu opnu tónleika í Flóa. Það var hvatning til að endurtaka leikinn á þessu starfsári og nú verða

haldnir tvennir hádegistónleikar, þeir fyrri 24. október og þeir síðari 20. febrúar. Við hvetjum sem flesta til að koma og nærast á falletgri tónlist í hádeginu.

Hinn rómaði fransk hljómveitarstjóri, Pascal Rophé, heldur um tónsprotann.

Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis!



Einar Jóhannesson

Rumon Gamba

Fim. 6. nóv. » 19:30

Rumon stjórnar Korngold

Vincent d'Indy *Le camp de Wallenstein*
Sveinn Lúðvík Björnsson
Klarínettukonsert
Erich Wolfgang Korngold *Sinfónía*
Rumon Gamba hljómveitarstjóri
Einar Jóhannesson einleikari

Sveinn Lúðvík Björnsson hefur skapað sér sérstöðu meðal íslenskra tónskálda með stuttum og hnitmiðuðum verkum – enda hefur hann verið kallaður „ljóðskáldið í hópi tónskálda“. Á þessum tónleikum verður frumfluttur klarínettukonsert sem hann samdi sérstaklega fyrir Einar Jóhannesson sem er einn af okkar dádustu tónlistarmönnum.

Rumon Gamba var um árabíl aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er ávallt aufúsugestur hér á landi. Nú gegnir hann stöðu aðalstjórnanda við Sinfóníuhljómsveit Álaborgar.

Erich Wolfgang Korngold var við upphaf 20. aldar eitt mesta undrabarn sem nokkru sinni hafði sést í Vínarborg. Hann samdi tvær fyrstu óperur sínar 17 ára gamall en eftir valdatöku nasista settist hann að í Bandaríkjunum. Þá hóf hann

nýjan feril sem kvikmyndatónskáld í Hollywood, hlaut meðal annars Óskarsverðlaun og hafði með litríkri tónlist sinni mikil áhrif á síðari kynslóðir kvikmynda-tónskálda. Sinfónía er eitt hans helsta verk og hljómveitarstjórinn Bruno Walter lýsti því yfir að hún væri „meistaralega samín, nútímaleg en þó aðgengileg“.

Einnig hljómar á tónleikunum forleikur eftir franska tónskáldið Vincent d'Indy, en Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur undanfarin ár hljóðritað verk hans og hlotið feykigóða dóma fyrir. Fyrsti diskurinn í röðinni var tilnefndur til Grammy-verðlaunanna.

Tónleikakynning » 18:00



Jóhann Jóhannsson



The Miners' Hymns

Fös. 7. nóv. » 20:00

The Miners' Hymns

Jóhann Jóhannsson
Bill Morrison
The Miners' Hymns

Guðni Franzson hljómveitarstjóri
Jóhann Jóhannsson einleikari

Sinfóníuhljómsveit Íslands tekur í þriðja sinn þátt í Iceland Airwaves-hátíðinni sem hefur sett svip sinn á tónlistarlíf Reykjavíkur allt frá árinu 1999.

Tónlist Jóhanns Jóhannssonar við mynd Bills Morrison, *The Miners' Hymns*, hefur vakið verðskuldaða athygli - ekki síður en myndin sjálf, allt frá frumsýningu í New York 2010. Verkið fékk fimm stjörnur í dagblaðinu Observer þegar það var flutt Barbican-listamiðstöðinni í London í marsmánuði síðastliðnum. Þar segir meðal annars: „Framandlegir snertipunktur milli íslensks mínimalista, bandaríks kvikmyndagerðarmanns og nýlegrar harmsögu úr breskum veruleika hafa skapað verk sem er óskilgreinanlegt en um leið ógleymanlegt“. Og í dagblaðinu The Washington Post mátti lesa eftirfarandi: „*The Miners' Hymns* skilur hlustandann eftir í ólýsanlegri kennd, sem svífi

hann milli tíma, landslags og tilfinninga. Í anda trúarlegrar tilvísunar í titli myndarinnar [Sálmar námuverkamannsins] verður upplifunin líkust tilbeiðslu“.

Jóhann Jóhannsson er margverðlaunaður tónlistarmaður, tónskáld og framleiðandi. Hann hefur gefið út fjölmargar sólóplötur auk þess að semja leikhús- og kvikmynda-tónlist.

Guðni Franzson hefur um árabíl verið áberandi í íslensku tónlistarlífi og komið víða við sem hljóðfæraleikari, tónskáld og hljómveitarstjóri. Hann stjórnaði *The Miners' Hymns* í Barbican í mars við góðan orðstír.

Aðeins takmarkaður fjöldi miða fer í lausasölu en tónleikarnir eru hluti af Iceland Airwaves-hátíðinni.

ICELAND
AIRWAVES



Bryndís Halla Gylfadóttir



Nicola Lolli



Sigrún Eðvaldsdóttir

Fim. 27. nóv. » 19:30

Sellókonsert og símfónía

Felix Mendelssohn-Bartholdy
Fingalshellir, forleikur
John Speight Sellókonsert
Ralph Vaughan Williams
Símfónía nr. 4

Israel Yinon
hljómveitarstjóri
Bryndís Halla Gylfadóttir
einleikari

Mendelssohn var undrabarn líkt og Mozart og bera glæsilegar tónsmíðar hans allt frá táningsárunum þess glöggt merki. Tvítugur að aldri ferðaðist Mendelssohn til Skotlands. Hann varð fyrir djúpum áhrifum af feðurð Fingalshellis á eyjunni Staffa undan vesturströndinni og gerði hann ódauðlegan með konsertforleik sem í upphafi bar heitið „Die einsame Insel“ eða *Eyðieyjan*.

Einmanalegt hlutskipti einleikarans og glíma hans við ofureflið, fullskipaða símfóníuhljómsveit, er John Speight hugleikið í sellókonsertinum sem Bryndís Halla Gylfadóttir frumflytur ásamt félögum sínum í Símfóníuhljómsveit Íslands.

Ralph Vaughan Williams er í hópi helstu tónskálda Breta. Í fjórðu símfóníu sinni tók hann nýja stefnu sem gerði aðdáendum hans bilt við. Landi Vaughan Williams og

skáldbróðir, Sir William Walton, lofaði símfóníuna sem hina stórfenglegustu síðan á tímum Beethovens.

Israel Yinon stendur nú í fyrsta sinn á stjórnendapalli Símfóníuhljómsveitarinnar en hann hefur verið gestur margra þekktra hljómsveita, þar á meðal Konunglegu fílharmóníuhljómsveitarinnar í Lundúnum, NDR-útvarpsfílharmóníunnar og Vínarsímfóníunnar.

Tónleikakynning » 18:00

Fim. 4. des. » 19:30

Aðventutónleikar Símfóníunnar

Johann Sebastian Bach
Hljómveitarsvíta nr. 1
Konsert fyrir tvær fíðlur í d-moll
Brandenborgarkonsert nr. 1
Hljómveitarsvíta nr. 3
Dirk Vermeulen hljómveitarstjóri
Sigrún Eðvaldsdóttir og
Nicola Lolli einleikarar

Hljómveitarverk og konsertar eftir Johann Sebastian Bach eiga fastan sess á aðventutónleikum hljómsveita um víða veröld. Aðgengileg og formhrein tónlistin lætur engan ósnortinn þar sem gullfallagar laglínur og fjölbreyttir og hrífandi dansþættir koma öllum í sannkallað hátíðarskap. Á meðal fjögurra hljómveitarsvíta Bachs nýtur þriðja svítan mikilla vinsælda, meðal annars vegna annars þáttarins, *Aríu á G-streng*, sem er einn af gimsteinum þessa tímabils.

Brandenborgarkonsertarnir teljast til höfuðverka barokktímans og hafa í gegnum tíðina verið aufúsugestir á tónleikadagskrám, bæði hjá hlustendum og flytjendum. Það á jafnt við um tvíkonsertinn sem er í ítölskum stíl en hann er meðal þekktustu og dáðustu verka tónskáldsins. Einleikshlutverkin verða í höndum

konsertmeistara Símfóníuhljómsveitarinnar, Sigrúnar Eðvaldsdóttur og Nicola Lolli.

Belgíski hljómveitarstjórinn Dirk Vermeulen hefur hlotið einróma lof fyrir túlkun sína á 18. aldar tónlist og snemmrómantik en er jafnframt á heimavelli þegar kemur að barokktónlist og nýjum verkum. Vermeulen gegnir prófessorsstöðu við Konunglega konservatóríið í Brussel.

Hátíðlegir tónleikar á aðventu þar sem þar sem falleg jólastemning ræður ríkjum.



Litli tónsprotinn

Lau. 13. des. » 14:00

Lau. 13. des. » 16:00

Sun. 14. des. » 14:00

Robert Sheldon

Jólaforleikur

Vladimir Rebikov

Úr Jólátréssvítunni

Jórunn Viðar

Það á að gefa börnum brauð

Jól

Vince Guaraldi *Jólástemning*

Jester Hairston *Boðskapur Lúkasar*

Sígild jólalög

Bernharður Wilkinson

hljómshjónstjóri

Trúðurinn Barbara *kynnir*

Hulda Björk Garðarsdóttir og

Kolbrún Völkudóttir *einsöngvarar*

Vox Signum

Ungir einleikarar

Stúlnakór Reykjavíkur,

Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjan-

bæjar, Nemendur úr Listdanskóla

Íslands, Nemendur úr Skólahljómshjón

Árbæjar og Breiðholts

Jólatónleikar Sinfóníunnar

Jólatónleikar Sinfóníuhljómshjónsveitarinnar hafa notið gífurlegra vinsælda og eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna á Íslandi. Í ár, sem endranær, verður hátíðleikinn í fyrirrúmi þar sem sígild jólalög og klassísk ballettónlist er í forgrunni.

Ungir einleikarar, sigurvegarar úr áheyrnarprufu jólatónleikanna, leika á flautu og hörpu í gullfallegu lagi Jórunnar Viðar, *Jól*, og nemendur Listdanskóla Íslands túlka fjölbreytta og litríka dansa úr *Jólátréssvítu* Rebikovs sem hljómar nú í fyrsta sinn á Íslandi. Framúrskarandi hljóðfæraleikarar úr Skólahljómshjón Árbæjar og Breiðholts munu leggja Sinfóníuhljómshjóninu lið í flutningi lagsins sívinsæla *Boðskapur Lúkasar* með hljóðfæraleik og líflegri sviðsframkomu. Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanbæjar hringir svo inn jólin samkvæmt hefðinni með hátíðlegum klukkahljómi.

Með honum syngur kórinn hátíðlegum klukkahljómi. Með honum syngur kórinn gullfallegt enskt jólaglag með tilvísun í enska jólaglag með tilvísun í enska endur-reisnartónskáldið John Bull. Einsöngvarar jólatónleikanna, Hulda Björk Garðarsdóttir og Kolbrún Völkudóttir ásamt Stúlnakór Reykjavíkur og Tákmalískórnum Vox Signum, flytja úrval innlendra og erlendra jólaglaga sem koma öllum í sannkallað hátíðarskap.

Kynnir tónleikana er trúðurinn Barbara sem mun á sinn einlæga og óviðjafnanlega hátt tendra ljós í hjörtum tónleikagesta. Tónleikarnir verða túlkaðir á tákmalí.

*„Jólástemning er allt, sem þurfum hér:
Andi gleði og ástargæð æ gefist mér og þér“*

— Úr Jólástemningu Ómars Ragnarssonar

Vetur og vor
2015





Fim. 8. jan. » 19:30

Fös. 9. jan. » 19:30

Lau. 10. jan. » 16:00

Lau. 10. jan. » 19:30

David Danzmayr
hljómssveitarstjóri
Dísella Lárusdóttir og
Garðar Thor Cortes einsöngvarar

Vínartónleikar 2015

Á þessum fyrstu tónleikum ársins hljómar að vanda sígild vínartónlist; fjörugir polkar, gáskafull gallopp, rösklegir marsar, virðulegir marsúrkar, vinarljóð og aríur úr vinsælum óperettum að ógleymdum sjálfum svellandi vinarvalsinum sem ætíð seiðir og lokkar. Það er eitthvað ómótstæðilegt við þessa tónlist og alla umgjörð hennar sem einkennist af þokka og glaðværð. Líkt og áður munu glæsilegir samkvæmisdansarar svífa um salinn meðan á tónleikunum stendur.

Dísella Lárusdóttir þreytti frumraun sína hjá Metropolitan óperunni í New York í mars 2013 þar sem hún söng hlutverk *Garsendu* í óperunni *Francesca da Rimini* eftir Riccardo Zandonai. Síðan þá hefur hún sungið fimm hlutverk á hinu fræga sviði hússins. Framundan eru tónleikar í Disney Hall í Los Angeles og víðar um Bandaríkin.


Garðar Thor Cortes var aðeins 13 ára þegar hann heillaði evrópska sjónvarpsáhorfendur sem aðalleikari í sjónvarpsþáttaröðinni um Nonna og Manna. Eftir söngnám hér heima, í Vínarborg, Lundúnum og víðar hefur hann sungið mörg af helstu tenórhlutverkum óperubókmenntanna heima og heiman og komið fram á tónleikum í tónleikasölum á borð við Barbican og Royal Festival Hall í London og Carnegie Hall í New York.

David Danzmayr er austurrískur hljómssveitarstjóri af yngri kynslóðinni sem hefur stjórnað þekktum hljómssveitum, bæði austan hafs og vestan. Hann var um þriggja ára skeið aðstoðarhljómssveitarstjóri Skosku þjóðarhljómssveitarinnar og er ennþá fastagestur hennar. Danzmayr er nú aðalstjórnandi Illinois fílharmóníuhljómssveitarinnar í Chicago og Pro Musica kammersveitarinnar í Colorado.

Vínartónleikar



Garðar Thor Cortes



Dísella Lárusdóttir



David Danzmayr



Fim. 15. jan. » 19:30

Ungir einleikarar

Efnisskrá kynnt síðar

Torodd Wigum
hljómssveitarstjóri
Sigurveggarar úr einleikarakeppni Sinfóníuhljómssveitar Íslands og Listaháskóla Íslands

Á hverju ári fer fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómssveit Íslands stendur fyrir í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin nemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja, og fá þeir hlutskörpustu að leika einleik með Sinfóníuhljómssveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu.

Hver einleikari flytur hálf tímalanga dagskrá með verkum af ólíkum toga en dómnefnd keppinnar skipar tónlistarfólk í fremstu röð. Vinningshafar keppinnar vekja verðskuldaða athygli og mikil eftirvænting ríkir fyrir þeim krafti sem býr í unga tónlistarfólkinu okkar.

Stjórnandi tónleikanna er norskur hljómssveitarstjóri Torodd Wigum, staðarhljómssveitarstjóri Sinfóníuhljómssveitarinnar í Brándheimi og fyrrum

aðstoðarhljómssveitarstjóri Fílharmóníu-sveitarinnar í Bergen.

Sinfóníuhljómssveitin og Listaháskóli Íslands leiða saman hesta sína og styðja við okkar efnilegasta tónlistarfólk á leið þess inn í heim atvinnumennskunnar. Á sama tíma fá áheyrendur tækifæri til að fylgjast með þroska og framförum þessa unga listafólks.

Einleikarakeppni SÍ og LHÍ fer fram á haustmánuðum 2014 og í kjölfarið verða nöfn vinningshafa birt á vef Sinfóníuhljómssveitarinnar.



Fim. 22. jan. » 19:30

Macbeth og Kullervo

Richard Strauss
Macbeth, sinfónískt ljóð
Jean Sibelius
Kullervo, sinfónískt ljóð

Petri Sakari hljómssveitarstjóri
Jorma Hynninen og
Þóra Einarsdóttir einsöngvarar
Karлакór Reykjavíkur og
Karлакórinn Fóstbræður

Á starfsárinu halda hljómssveitir um víða veröld upp á 150 ára fæðingarársmæli Richards Strauss og Jeans Sibelius. Fyrir utan fjölmargar óperur sínar er Strauss þekktastur fyrir tónaljóðin og er *Macbeth* sem byggir á leikriti Shakespeares hið fyrsta í röðinni.

Sibelius sækir efnivið sinn í sagnabálkin *Kalevala* og dregur upp myndir úr lífi hins hvatvísa Kullervos en verkið er hið fyrsta í röð tólf tónaljóða sem byggð eru á finnsku þjóðargeseminni. Petri Sakari er hér á heimavelli en á 28 ára löngum ferli sínum sem aðal- og gestastjórnandi Sinfóníuhljómssveitar Íslands hefur hann stjórnað helstu hljómssveitarverkum Sibeliusar. Segja má að hljóðritanir hans á öllum sjö sinfóníum og fleiri verkum tónskáldsins fyrir Naxos-útgáfuna hafi brotið blað í sögu hljómssveitarinnar og aflað henni alþjóðlegrar athygli.

Jorma Hynninen er einn ástsælasti söngvari Finna og hefur á glæstum ferli sungið í helstu óperuhúsum og tónleikasölum heimsbyggðarinnar. Þóra Einarsdóttir sópransöngkona skipar stóran sess í íslensku tónlistarlífi og er stórbrotin túlkun hennar á Ragnheiði í samnefndri óperu Gunnars Þórðarsonar mörgum enn í fersku minni.

Karлакórinn Fóstbræður og Karлакór Reykjavíkur sameina krafta sína í tónaljóði Sibeliusar og er tilhlökkunarefni að heyra volduga raust þeirra í Eldborgarsal Hörpu.

Tónleikakynning » 18:00

S1belius
2015



Hávarður Tryggvason

Sigrún Eðvaldsdóttir

Fim. 29. jan. » 19:30

Meistarataktar

Porkell Sigurbjörnsson *Ymur*
Leifur Þórarinnsson *Hnit*
Porkell Sigurbjörnsson
Niður, kontrabassakonsert
Hilmar Þórðarson *Lupus chorea*
Leifur Þórarinnsson *Fíðlukonsert*
Petri Sakari *hljómsveitarstjóri*
Hávarður Tryggvason og
Sigrún Eðvaldsdóttir
einleikarar

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músikdögum er jafnan að finna spennandi efnisskrá þar sem íslensk tónlist er í forgrunni.

Leifur Þórarinnsson og Porkell Sigurbjörnsson eru í hópi íslenskra tónskálda sem með afgerandi hætti settu svip sinn á íslenskt tónlistarlíf á ofanverðri 20. öld. Báðir voru þeir heimsborgarar og báru ferska strauma til landsins, ekki aðeins með tónsmíðum, heldur miðluðu þeir af þekkingu sinni með kennslu og í útvarpi.

Ymur Porkels er frá árinu 1969, sama ári og Leifur samdi fíðlukonsertinn sem Einar Grétar Sveinbjörnsson frumflutti árið eftir. Sigrún Eðvaldsdóttir lék konsertinn með BBC hljómsveitinni í Glasgow 1992 og hljóðritaði hann síðan með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1998. Hljómsveitarverkið *Hnit* er

frá árinu 1991 en Árni Egilsson kontrabassaleikari frumflutti *Nið* árið 1975 undir stjórn Vladimirs Ashkenazy og var verkið tilnefnt til tónskáldaverðlauna Norðurlandaráðs 1980. Hilmar Þórðarson er af annarri kynslóð en „gömlu“ meistararnir og verður verk hans *Lupus chorea* frumflutt á tónleikunum.

Einleikararnir, Sigrún Eðvaldsdóttir og Hávarður Tryggvason eru, líkt og stjórnandinn Petri Sakari, meistarar í flutningi íslenskrar nútímatónlistar.

MYRKIR
MÚSÍKÐAGAR

Fim. 5. feb. » 19:30

Sinfóníur nr. 3 með Osmo

Jean Sibelius *Sinfónía nr. 3*
Anton Bruckner *Sinfónía nr. 3*
Osmo Vänskä *hljómsveitarstjóri*

Osmo Vänskä hlaut Grammy-verðlaunin 2014 ásamt Minnesota hljómsveitinni fyrir hljómdisk með 1. og 4. sinfóníu Sibeliusar og nú gefst addáendum Osmos tækifæri til að hlýða á túlkun hans á 3. sinfóníunni í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

„Osmo Vänskä er lifandi gersemi, maður sem kemur með frískandi norræna sýn á gamla stríðshesta eins og Beethoven og Bruckner og leyfir okkur að njóta þessarar dásamlegu tónlistar upp á nýtt.“ (K. Beach í gagnrýni um nýjan disk með 4. sinfóníu Bruckners).

Jean Sibelius dvaldi um eins árs skeið í Vínarborg frá haustinu 1890, sótti einkatíma í tónsmíðum og naut lystisemda borgarinnar. Meðal annars var hann viðstaddur frumflutning á nýrri gerð Bruckners á 3. sinfóníunni í Vín,

í Musikverein-salnum. Sautján árum síðar var komið að honum að semja sína þriðju sinfóníu.

3. sinfónía Bruckners er gjarnan kölluð *Wagner-sinfónían* en Bruckner var mikill addáandi óperutónskáldsins og tileinkaði honum hljómkviðuna.

Sibelius
2015



Lau. 14. feb. » 11:30

Barnastund Sinfóníunnar

Í Barnastundinni laugardaginn 14. febrúar verður flutt fjörmikið lag um Ólav Riddararós af hljóðfæraleikurum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einnig verður flutt úrval léttra og skemmtilegra laga sem mörg hver hafa leitt fima fætur á dansgólfið - sprellfjörug lög sem koma hreyfingu á mannskapinn.

Barnastundin er ætluð yngstu hlustendum, þar er flutt tónlist í um það bil 30 mínútur í Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg. Tónlistin og lengd Barnastundarinnar er sérstaklega sniðin

að þeim hópi sem er of ungur til að sitja heila tónleika í Litla tónsprotanum. Barnastundin með Sinfóníunni er börnum í fylgd forráðamanna sinna að kostnaðarlausu. Kynnir í Barnastundinni er Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri SÍ, en sérstakur gestur verður Maxímús Músíkús.

Gestir eru hvattir til að taka með sér púða til að sitja á.

Aðgangur er ókeypis.

„Maxímús fylgdist með því hvernig fingur fiðluleikaranna tifuðu á strengjunum eins og mýs á harðahlaupum.“

— úr Maxímús Músíkús kætist í kór

Litli tónsprotinn

Lau. 14. feb. » 14:00

Hetjur og valkyrjur

John Williams
Ólympísk lúðraköll
Raiders March úr *Indiana Jones*
Hugi Guðmundsson *Djárninn á Myrká*
Aram Khatsjaturjan *Sverðansinn*
Jerry Goldsmith *Svíta úr Mulan*
Gioacchino Rossini
Vilhjálmur Tell, forleikur
Bernharður Wilkinson
hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynnir

Viðfangsefni Litla tónsprotans á tónleikunum Hetjur og valkyrjur er í senn spennandi og kraftmikið ferðalag um lendur hljómmikilla og gáskafullra tónverka sem eru mörgum að góðu kunn. Fornleifafræðingurinn djarfi Indiana Jones, frelsishetjan Vilhjálmur Tell, hugrakka stúlkan Mulan og valkyrjan Guðrún í *Djárnnum á Myrká* eru túlkuð af Sinfóníuhljómsveit Íslands sem lyftir grettistaki við að fylla ómrými Eldborgarsalar Hörpu.

Verðlaunaverk Huga Guðmundssonar um *Djárnann á Myrká* í sögugerð Ragnheiðar

Gestsdóttur verður frumflutt á tónleikunum í sinfónískri gerð. Kammergerð verksins vann til fyrstu verðlauna í tónsmíðasamkeppni Norrænna músíkdaga í Finnlandi haustið 2013. Þema keppinnar var Ævintýri í tónum þar sem innsend verk áttu að byggja á norrænum ævintýrum eða þjóðsögum og höfða til barna á aldrinum 6 - 12 ára. Þrátt fyrir að *Djárninn* sé hin eina sanna íslenska draugasaga er það Guðrún sem sigrar að lokum og amman sem er í hlutverki sögumannsins stillir frásögninni í hóf þannig að hlýja og glettni jafnt sem spenna ríkja í verkinu.

„Kannski ættirðu ekkert að vera að segja þeim að ég hafi verið að segja þér svona krassandi draugasögu... Nei, við skulum ekkert vera að segja þeim það... það er bara okkar leyndarmál, amma!“

— Úr *Djárnnum á Myrká*





Pekka Kuusisto



Santtu-Matias Rouvali



Fim. 19. feb. » 19:30

Beethoven og Stravinskíj

Ludwig van Beethoven
Leónóra, forleikur nr. 2
Ígor Stravinskíj *Fiðlukonsert*
Ludwig van Beethoven *Sinfónía nr. 2*

Santtu-Matias Rouvali
hljómssveitarstjóri
Pekka Kuusisto einleikari

Pekka Kuusisto varð fyrstur Finna til að hljóta fyrstu verðlaun í Sibeliusar-fiðlukeppninni árið 1995 og síðan hefur ferill hans verið samfelld sigurganga. Hann hlaut Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2013 og í greinargerð sagði dómnefnd að hann hefði náð „fullkomnu valdi á tækni og tjáningu – allt frá flóknu virtúósspili til hins einfalda sem snertir mann djúpt“. Frumleg nálgun hans á vel við fjörugan fiðlukonsert Stravinskíjs sem er eitt af áheyrilegustu verkum meistarans, saminn í nýklassískum stíl árið 1931.

mannahöfn, augljóst er að búast má við miklu af þessum unga tónsnillingi. Á tónleikunum hljómar björt og líffleg sinfónía nr. 2 eftir Beethoven og einn af fjórum forleikjum hans að sömu óperunni, sem fyrst gekk undir nafninu *Leónóra* en var síðan flutt í endurskoðaðri gerð undir heitinu *Fidelíó*.

Santtu-Matias Rouvali er aðeins 28 ára gamall en stjarna hans hefur risið með ógnarhraða síðustu ár og hefur hann hlotið feykigóðar viðtökur fyrir lífflega túlkun sína. Hann tók nýverið við stöðu aðalstjórnanda Fílharmóníunnar í Tampere og sem aðalgeststjórnandi Fílharmóníuhljómssveitarinnar í Kaup-

Fös. 20. feb. » 12:10

Hádegistónleikar í Flóa

Föstudaginn 20. febrúar heldur hljómssveitin sína aðra opnu hádegistónleika á starfsárinu í Flóa. Að þessu sinni býður hljómssveitin gestum og gangandi upp á bjarta og lífflega tónlist eftir Ludwig van Beethoven. Tónleikarnir hefjast kl. 12.10 og standa í rúman hálf tíma.

Mikil ánægja hefur verið með hádegistónleika hljómssveitarinnar og hvetjum við sem flesta til að koma og nærast á falletgri tónlist í hádeginu.

Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis!



Eivør Pálsdóttir

Mið. 25. feb. » 20:00
Fim. 26. feb. » 20:00

Bernharður Wilkinson
hljómsveitarstjóri
Eivør Pálsdóttir einsöngvari

Eivør í Norðurljósum

Með framúrskarandi og seiðandi sviðsframkomu og flutningi hefur söngkonan og lagasmiðurinn Eivør Pálsdóttir sungið sig inn í hug og hjörtu Íslendinga. Þessi hæfileikaríka færeyska tónlistarkona er handhafi fjölda verðlauna og má meðal annarra nefna Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2003 sem besta söngkonan og besti flytjandinn, Færeyingur ársins árið 2004, Grímuverðlaunin árið 2005 fyrir tónlist og flutning í *Úlfhamssögu* og Dönsku tónlistarverðlaunin árið 2006.

Nú sameina Eivør, hljómsveit hennar og Sinfóníuhljómsveit Íslands krafta sína í Norðurljóssal Hörpu og flytja lög Eivarar sem mörg hver má heyra á nýjustu plötu hennar *Room*. Lagasmiðar söngkonunnar spanna mikla breidd í tilfinningum og túlkun þar sem ástin, söknuður, minningar, frelsi og náttúra eru yrkisefni. Eiginmaður Eivarar, tónskáldið Trónd-

ur Bogason, klæddi lögin í sinfónískan búning en hann leikur jafnframt á hljómborð í hljómsveit söngkonunnar ásamt Jeppe Gram trommuleikara, Magnusi Johannesen píanóleikara og Mikael Blak bassaleikara.

Stjórnandi á tónleikunum er samlandi Eivarar, Bernharður Wilkinson, sem er tónleikagestum Sinfóníuhljómsveitar Íslands að góðu kunnur en Bernharður hefur stjórnað mörgum af vinsælustu tónleikum hljómsveitarinnar.



Yan Pascal Tortelier



Tine Thing Helseth

Fim. 5. mars » 19:30

Edward Elgar Á sudurslóðum, forleikur
Henri Tomasi Trompetkonsert
Pjotr Tsjajkovskij Sinfónía nr. 1
Yan Pascal Tortelier
hljómsveitarstjóri
Tine Thing Helseth einleikari

Tine Thing og Tortelier

Norski trompetsnillingurinn Tine Thing er ein skærasta stjarnan í málmblásaraheiminum. Hún er eftirsóttur einleikari og hefur leikið með nafntogudum hljómsveitum á borð við Vínarsinfóníuna, Dresden filharmóníuna, Konunglegu filharmóníuhljómsveitina í Lundúnum og Skosku BBC hljómsveitina en með henni þreytti hún frumraun sína á Proms-tónleikum í Royal Albert Hall. Þá leiðir hún kvenmálmblásarahópið TENTHING sem hún stofnaði árið 2007 en hópurinn hefur ferðast víða og hvarvetna vakið mikla hrifningu.

Yan Pascal Tortelier er víðfrægur hljómsveitarstjóri sem á gifturíkum ferli hefur staldrað við hjá mörgum af þekktustu hljómsveitum beggja vegna Atlantshafsins.

Tónleikakynning » 18:00

Tortelier stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð 1998 og lauk gagn-


rýni eins Reykjavíkurblaðanna á þessa leið: „Áhrif leiks hljómsveitarinnar voru rafmögnum og glampandi bros á hverju andliti þegar upp var staðið. Tortelier er stjarna sem gat með skini sínu leitt hljómsveitina og hlustendur hvert í heim tónlistar sem var. Hafðu þökk fyrir.“

Í glæsilegum hljómsveitarforleik sínum *In the South* er Elgar staddur í bænum Alassio á ítölsku Rívíerunni og dregur upp mynd af ám, hæðum, blómum og fjarlægum snævi þöktum fjöllum í norðri og bláu Miðjarðarhafinu í suðri. Skammt undan er Monte Carlo þar sem Henri Tomasi samdi vinsælasta einsleiksverk sitt, trompetkonsertinn. Þá liggur leiðin austur til Sankti Pétursborgar á vit *Vetrardrauma-sinfóníu* Tsjajkovskíjs.





Áshildur Haraldsdóttir



Anna-Maria Helsing

Fim. 12. mars » 19:30

Anna-Maria stjórnar Sibeliusi

Magnus Lindberg *Expo*
Joaquín Rodrigo *Concierto Pastoral*
Jean Sibelius *Sinfónía nr. 1*
Anna-Maria Helsing hljómsveitarstjóri
Áshildur Haraldsdóttir einleikari

Concierto Pastoral, flautukonsert spænska tónskáldsins Joaquín Rodrigo, var frumfluttur í London 1978 og hefur allar götur síðan notið mikilla vinsælda. Konsertinn var saminn fyrir James Galway en einleikshlutverkið að þessu sinni er í höndum Áshildar Haraldsdóttur, flautuleikara Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Áshildur hefur um árabil verið mikilvirk í íslensku tónlistarlífi, bæði sem einleikari og flytjandi kammertónlistar.

Verk Magnúsar Lindberg, samlanda Helsing, þykja full bjartsýni, jákvæðni og staðfestu en verkið *Expo* samdi hann fyrir Fílharmóníusveitina í New York.

Sibelius lauk við fyrstu sífóníu sína 1898 og stjórnaði sjálfur frumflutningi verksins ári síðar. Sífónían ber sterk einkenni þjóðernishyggju og var samín undir áhrifum *Pathétique*-sífóníu Tsjajkovskijs.

Anna-Maria Helsing er ein skærasta stjarna Sibeliusarakademíunnar. Hún nam hjá Leif Segerstam og naut leiðsagnar Esa-Pekka Salonen og Gustavos Dudamel. Frá 2010 til 2013 var hún aðalhljómsveitarstjóri Oulu sífóníuhljómsveitarinnar, fyrst kvenna til að vera í forsvari finnskrar sífóníuhljómsveitar. Helsing hefur stjórnað öllum leiðandi hljómsveitum Finnlands ásamt hljómsveitum í Skandinavíu og Eystrasaltsríkjunum.

Tónleikakynning » 18:00

Sibelius
2015



Fös. 13. mars » 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hofi

Magnus Lindberg *Expo*
Joaquín Rodrigo *Concierto Pastoral*
Jean Sibelius *Sinfónía nr. 1*
Anna-Maria Helsing hljómsveitarstjóri
Áshildur Haraldsdóttir einleikari

Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur nú í þriðja sinn í Hofi, glæsilegu menningarhúsi Norðurlands. Mikil tilhlökkun er að halda norður á ný með glæsilega efnisskrá í farteskinu þar sem Áshildur Haraldsdóttir leikur einleik í heillandi flautukonsert Rodrigos undir stjórn Önnu-Mariu Helsing, einnar skærustu stjörnu Sibeliusarakademíunnar. Sama efnisskrá er á tónleikum Sífóníunnar í Hörpu þann 12. mars.

Miðasala í Hofi, menningarhus.is og sífonia.is.



Nicola Benedetti

Fim. 26. mars » 19:30

Benedetti leikur Mozart

Ottorino Respighi *Trittico Botticelliano*
Wolfgang Amadeus Mozart
Fiðlukonsert nr. 5
Paul Hindemith
Mathis der Maler, sinfónía
Hans Graf hljómsveitarstjóri
Nicola Benedetti einleikari

Skosk-ítalski fiðluleikarinn Nicola Benedetti skaust upp á stjörnuhimininn þegar hún bar sig úr bítum í „BBC Young Musician of the Year“ aðeins 16 ára gömul árið 2004. Síðan hefur hún leikið m.a. á lokavöldi Proms-tónlistarháttarinnar og er nú samningsbundin Deutsche Grammophon. Hún leikur vinsælasta fiðlukonsert Mozarts, sem hann samdi aðeins 19 ára gamall.

Á þessum tónleikum hljóma tvö áheyrileg verk af svipuðum toga sem samin voru undir áhrifum myndlistar. *Trittico Botticelliano* eftir ítalska tónskáldið Respighi sækir innblástur í þrjú meistaraverk ítalska endurreisnarmeistarans – *Vorið*, *Aðdáun vitringanna* og *Fæðingu Venusar*. Annar endurreisnarmálari, Mathias Grönewald, er söguhetja í óperu Hindemiths sem vakti hörð viðbrögð nasista við frumflutninginn í Þýskalandi

Tónleikakynning » 18:00

árið 1934. Samhliða óperunni samdi Hindemith sinfóníu út frá sama efni, innblásinn af hinni óviðjafnanlegu Isenheim-altaristöflu þýska meistarans.

Austurríski hljómsveitarstjórinn Hans Graf er aðalstjórmandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Houston. Hann stýrði Sinfóníuhljómsveit Íslands við sérlega góðar undirtektir í fyrra og honum var umsvifalaust boðið að snúa aftur við fyrsta tækifæri.



Shai Wosner



Olari Elts

Fim. 9. apríl » 19:30

Meiri Mozart

Wolfgang Amadeus Mozart
Sinfónía nr. 32
Píanókonsert í d-moll
Valentin Silvestrov *Sendiboðinn*
Wolfgang Amadeus Mozart
Sinfónía nr. 40
Olari Elts hljómsveitarstjóri
Shai Wosner einleikari

Píanókonsertinn K. 466 og fertugasta sinfónían eftir Mozart eiga það sammerkt að hafa notið gífurlegra vinsælda og aðdáunar tónleikagesta og flytjenda allt frá upphafi. Píanókonsertinn er kraftmikill og ljóðrænn í senn, saminn í Vín 1785 og frumfluttur af tónskáldinu aðeins degi eftir að verkið var fullgert. Sinfónía nr. 40 í g-moll er meðal þriggja síðustu sinfónía Mozarts og því andstæða snemmbæru sinfóníunnar nr. 32 í G-dúr, sem svipar til ítalsks forleiks. Úkraínska tónskáldið Valentin Silvestrov samdi *Sendiboðann* til minningar um eiginkonu sína en tónlistin er sveipuð klæðum 18. aldar og kallast með lágstemmdum hætti á við tónlist Mozarts.

Píanóleikarinn Shai Wosner nýtur alþjóðlegrar hylli fyrir listfengi og framúrskarandi túlkun. Hann leikur með öllum helstu hljómsveitum Evrópu og Ameríku

Tónleikakynning » 18:00

og debúteraði með Vínarfílharmóníunni í Salzburg á 250 ára fæðingarafmæli Mozarts.

Olari Elts varð í fyrsta sæti í Alþjóðlegu Sibeliusar-hljómsveitarstjórakeppninni í Helsinki árið 2000. Hann var aðalhljómsveitarstjóri Lettnesku þjóðarhljómsveitarinnar og aðalgestastjórmandi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Helsinki og Sinfóníuhljómsveitar Eistlands.



Úlfur Hansson



Magnús Pálsson



Ben Frost



Pauline Oliveros

16., 17. & 18. apríl

Tectonics Reykjavík

Ilan Volkov listrænn stjórnandi

Fjórða Tectonics-tónlistarhátíðin fer fram í Hörpu dagana 16. - 18. apríl.

Ísland liggur á flekaskilum þar sem Ameríku- og Evrópu-Asíuflekinn reka í sundur. Einkenni flekaskila eru opnar gjár og sprungur, mikill jarðvarmi, sigdalir og eldgos. Á ensku nefnast flekaskilin Tectonics. Á tónlistarhátíð Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Tectonics, mætast tónlistaröfl úr ólíkum áttum sem togast á, mynda núning og skekja þá hugmynd sem að við höfum af sinfónískri tónlist og starfsemi sinfóníuhljómsveita og kannski engin tilviljun að slík hátíð skuli eiga uppþök sín á Íslandi.

Listrænn stjórnandi hátíðarinnar og hugmyndasmiður er fyrrverandi aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Ilan Volkov, sem vakið hefur heimsathygli fyrir nálgun sína og flutning á nýrri tónlist.

Auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands koma fram margir ólíkir listamenn sem eiga það sameiginlegt að vekja athygli forvitinna gesta sem hafa áhuga á stefnumóti við tónlistina sjálfa - óháð straumum og stefnum.

Meðal gesta á hátíðinni í ár verður Tony Conrad, fiðluleikari og tónskáld, sem fagnar 70 ára afmæli sínu á hátíðinni. Kammertónlist hans hefur vakið verð-

skuldaða athygli. Pauline Oliveros, sem er komin á nírræðisaldur, er frumkvöðull í raftónlist og hefur rannsakað nýjar leiðir til að beina athyglinni að tónlistinni sjálfri með „djúphlustun“ og virkri hljóðvitund. Magnús Pálsson myndlistarmaður setur saman verk fyrir Hljómsveit sem hann byggir á verkum meistaranna. Þá frumflytur Sinfóníuhljómsveit Íslands ný verk eftir Ben Frost og Úlfur Hansson og leikur nýlegan konsert fyrir Hljómsveit og rafgitar eftir Iancu Dumitrescu ásamt þungarokkararum Stephen O'Malley.

Hátíðin í Reykjavík árið 2012 markaði upphaf þessara einstæðu tónlistarviðburða. Þær þrjár hátíðir sem hafa verið haldnar hafa vakið mikla athygli innanlands sem utan. Tectonics-hátíðir eru nú einnig haldnar í Skotlandi með BBC Scottish Symphony Orchestra og í Ástralíu með Adelaide Symphony Orchestra.

Tectonics mun sem fyrr teygja anga sína í hin ýmsu opnu rými og alla sali Hörpu; Kaldalón, Norðurljós, Silfurberg og Eldborg.

Dagskráin verður kynnt nánar í janúar 2015.

Hátíðin er styrkt af Borgarhátíðarsjóði Reykjavíkurborgar og er unnin í samstarfi við Hörpu.



HARPA



Reykjavíkurborg

TECTONICS



Dimmalimm og Svanavatnið



Gennadij Rozhdestvenskij



Viktoria Postnikova

Litli tónsprotinn

Lau. 25. apríl » 14:00

Dimmalimm og Svanavatnið

Atli Heimir Sveinsson

Dimmalimm

Kvæðið um fuglana

Pjotr Tsjajkovskij

Úr Svanavatninu

Bernharður Wilkinson

hljómssveitarstjóri

Trúðurinn Barbara *kynnir*

Nemendur úr Listdanskóla Íslands

Graduale-kór Langholtskirkju

Listmálarinn Muggur, Guðmundur Thorsteinsson, samdi ævintýrið um *Dimmalimm* árið 1921 handa lítilli íslenskrí frænku sinni þegar hann var á siglingu á Miðjarðarhafinu. Ævintýrið er meðal helstu gersema listmálarans sem málaði gullfallegar myndir með sögunni sem tónleikagestir njóta meðan á flutningi tónlistarinnar stendur. Tónlist Atla Heimis Sveinssonar við verkið skipaði sér strax í flokk helstu djásna íslenskra tónverka og verður flutt af Sinfóníuhljómssveit Íslands ásamt kórstúlkum úr Graduale-kór Langholtskirkju. Sögumaður er Halldóra Geirharðsdóttir.

Það er við hæfi á þessum ljúfu og fallegu tónleikum að fylgja *Dimmalimm* úr hlaði með völdum þáttum úr *Svanavatninu* eftir Tsjajkovskij. *Rússneski dansinn* og *Dans litlu svananna* auk annarra þátta mun gleðja tónleikagesti í túlkun nemenda Listdanskóla Íslands. Þessum sannkölluðu ævintýratónleikum þar sem hversdagsleikinn er hvergi nálægur lýkur á *Kvæðinu um fuglana* eftir Atla Heimi Sveinsson.

„*Dimmalimm sat einu sinni sem oftast við vatnið og var að hugsa um svaninn sinn. Þá stóð allt í einu lítill kóngssonur hjá henni. Hann var ljómandi fallegur.*“

— Úr *Dimmalimm*

Fim. 30. apríl » 19:30

Postnikova og Rozhdestvenskij

Igor Stravinskij *Pulcinella, svíta*

Sergej Rakhmanínov

Píanókonsert nr. 4

Pjotr Tsjajkovskij

Hljómssveitar svíta nr. 3

Gennadij Rozhdestvenskij

hljómssveitarstjóri

Viktoria Postnikova *einleikari*


Aufúsgestirnir og Íslandsvinirnir, hjónin Viktoria Postnikova og Gennadij Rozhdestvenskij, heiðra Sinfóníuhljómssveit Íslands og tónlistarunnendur enn á ný með nærveru sinni og flutningi á rússneskum öndvegisverkum. Rozhdestvenskij er einn fremsti hljómssveitarstjóri samtímans og milli hans og Sinfóníuhljómssveitarinnar hefur myndast náið samband sem kristallast í ógleymanlegri tónlistarupplifun.

Á efnisskránni er svíta úr ballettinum *Pulcinella* sem Stravinskij byggir á stefjum ítalíska barokktónskáldsins Giovanni Battista Pergolesi og fjallar um trúðinn Pulcinella og samskipti hans við fegurra kynið og afbrýðissama unnusta.

Postnikova leikur 4. píanókonsert Rakhmanínovs sem er fagur og einkar glæsilegur. Konsertinn hefur aðeins einu

sinni áður heyrst á tónleikum hljómssveitarinnar og er þetta ekki í fyrsta sinn sem Postnikova flytur tónleikagestum sjaldheyrðar gersemar tónbókmenntanna. Tónleikunum lýkur á 3. hljómssveitar svítu Tsjajkovskijs sem upphaflega átti að verða hans 5. sínfónía en tók í sköpunarferlinu á sig aðra mynd.

Óhætt er að lofa ógleymanlegri stund þegar Gennadij Rozhdestvenskij stendur í brúnni á tónleikum Sinfóníuhljómssveitar Íslands.



Chaplin – Modern Times

Fös. 8. maí » 19:30
Lau. 9. maí » 15:00

Charles Chaplin *Modern Times*
Frank Strobel
hljósveitarstjóri

Chaplin – Modern Times

Kvikmynd Chaplins *Nútíminn* frá árinu 1936 er talin til hans helstu afreka og er vissulega eitt af vinsælustu verkum þessa mikla meistara þöglu myndanna. Chaplin hugðist upphaflega láta myndina verða sína fyrstu talmynd en hætti við það af ótta við að með því myndi geðþokki litla flækingsins bíða skaða. Myndin er samt ekki alveg þögl vegna þess að Chaplin syngur eitt lag á hrognamáli í einu af mörgum drepfyndnum atriðum myndarinnar.

Í *Modern Times* segir af baráttu flækingsins við að fóta sig í nýrri iðnvæddri veröld en um leið er myndin sýn Chaplins á heimskreppuna og örvæntingarfullt ástand almúgans sem í hans augum var afleiðing vélvæðingarinnar.

Áhorfandinn fylgist með Chaplin sem færíbandsþræl í stórri verksmiðju, við-

komu hans á sjúkrahúsi og í tukhúsi. Þá kemur munaðarlaus stúlkan Gamin til sögunnar og saman feta þau grýtta, en í anda Chaplins, farsakennda og óborgarlega fyndna slóð inn í óvissa en vonbjarta framtíð.

Tónlist Chaplins er óaðskiljanlegur hluti kvikmynda hans. Líkt og Wagner notar hann tónlistina sem leiðarstef í verkum sínum og er hin sígilda dægurperla *Smile* ástarstefið í *Modern Times*. Í því kristallast í raun inntak myndarinnar: brostu og horfðu bjartsýnn fram á veginn.

Þýski hljósveitarstjórinn Frank Strobel hefur margsinnis komið til Íslands með snilldarverk kvikmyndasögunnar í farteskinu. Þannig hefur íslenskum kvikmyndaunendum boðist að upplifa meðal annars helstu meistaraverk Chaplins og stórvirki Sergeis Eisenstein.



Mið. 13. maí » 19:30

Pjotr Tsjajkovskij
Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur
Leonard Bernstein
Sinfónískir dansar úr West Side Story
George Gershwin
Porgy og Bess, sinfónískar myndir
Pjotr Tsjajkovskij
Francesca da Rimini
Rico Saccani
hljósveitarstjóri

Rómeó og Júlía

Ástir og örlög eru í brennidepli á þessari óvenjulegu og spennandi efnisskrá. Tsjajkovskij byggði eitt frægasta tónverk sitt á *Rómeó og Júlíu* Shakespeares, og hér vikur spennuþrungið andrúmsloftið á stundum fyrir ástleitnum stefnum elskendanna. Tónaljóðið *Francesca di Rimini* er byggt á sögu úr *Gleðileiknum guðdómlega* eftir Dante, um hefðarfrú sem fellir ástarhug til bróður eiginmanns síns, en hann myrðir þau bæði þegar allt kemst upp.

Í söngleiknum *West Side Story* var sagan af *Rómeó og Júlíu* uppfærð og látin gerast í New York þar sem tvær klíkur innflytjenda berjast um yfirráð á götum borgarinnar. *Sinfónískir dansar úr West Side Story* er glæsileg tónsmíð þar sem fléttað er saman helstu stefnum verksins, allt frá ljóðrænum hendingum *Somewhere* yfir í kraftmikla mambósveiflu. *Porgy*

og *Bess* eftir Gershwin er annað meistaraverk bandarískrar tónlistar. Í litríkri sinfónískri útsetningu öðlast lögin nýtt líf, til dæmis smellir á borð við *Summertime* og *It Ain't Necessarily So*. Ástir og örlög á vorkvöldi í Eldborg.

Rico Saccani var aðalstjórnandi SÍ á árunum 1998–2002 og snýr nú aftur í fyrsta sinn um langt skeið.



Stuart Skelton



Pietari Inkinen



Simon Trpčeski

Fös. 22. maí. » 19:30

Peter Grimes á Listahátíð

Benjamin Britten *Peter Grimes*

Daníel Bjarnason hljómveitarstjóri

Stuart Skelton

Ólafur Kjartan Sigurðarson

einsöngvarar

Aðrir söngvarar kynntir síðar

Kór Íslensku óperunnar

Benjamin Britten var eitt mesta óperutónskáld 20. aldar. Á Listahátíð hljómar *Peter Grimes* í fyrsta sinn á Íslandi. Þetta var fyrsta stóra ópera höfundarins, samín 1945, og strax þótti ljóst að hér væri komin ein af merkustu óperum 20. aldar. Í verkinu kannar Britten – hin óljósu mörk milli sakleysis og sektar, og stöðu einstaklingsins í þjóðfélaginu. Peter Grimes er ógæfusamur skipstjóri í smábæ. Þegar ungir piltar sem hann ræður sér til aðstoðar taka að týna lífinu hver á eftir öðrum taka bæjarbúar að ofsækja hann, með átakanlegum afleiðingum. Tónlistin er lagræn og aðgengileg, ýmist gamansöm eða hádramatísk eins og efnid býður upp á. Hér er stórviðburður í íslensku tónlistarlífi.

Ástralski „hetjutenórinn“ Stuart Skelton er á hátindi ferils síns um þessar mundir. Hann var kosinn karlsöngvari ársins á

International Opera Awards 2014 og tilnefndur til hinna hinna virtu Olivier-verðlauna fyrir túlkun sína á Peter Grimes við Bresku þjóðaróperuna. Hann hefur einnig sungið verkið með Lundúnaflharmóníunni og á Proms-tónlistarhátíðinni og er það mat gagnrýnenda að sjaldan hafi nokkur farið með hlutverk sjóarans ólánssama af sömu snilld.

Daníel Bjarnason hefur unnið stóra sigra á undanfönum árum, bæði sem tónskáld og hljómveitarstjóri. Síðast stjórnaði hann Sinfóníuhljómsveit Íslands á Myrkum músíkdögum 2014 við frábærar undirtektir og nú tekst hann á við eina dáðustu óperu 20. aldar í tónleikauppfærslu.

Uppfærslan er samstarf Íslensku óperunnar, Hörpu, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listahátíðar í Reykjavík.



Fim. 28. maí » 19:30

Chopin og Nielsen

Frédéric Chopin *Píanókonsert nr. 1*

Carl Nielsen *Sinfónía nr. 5*

Pietari Inkinen hljómveitarstjóri

Simon Trpčeski einleikari

Makedóníski píanósnillingurinn Simon Trpčeski hefur verið í hópi fremstu píanóleikara Evrópu síðasta áratuginn en sækir nú Ísland heim í fyrsta sinn. Hann hefur leikið einleik með flestum helstu hljómsveitum heims og hlotið fjölda verðlauna fyrir hljómdiska sína sem hann hljóðritaði fyrir EMI. Hér leikur Trpčeski fyrri píanókonsert Chopins, sem tónskáldið samdi aðeins tvítugur að aldri. Tónlistin er sérlega fögur og ljóðræn, en í lokabættinum bregður fyrir fjörugum pólskum þjóddansi.

Árið 2015 verða liðin 150 ár frá fæðingu Carls Nielsen. Sinfóníur þessa þjóðartónskálds Dana eru á efnisskrám hljómsveita um allan heim enda eru þær vitnisburður um frjóan og frumlegan stíl höfundarins. Sú fimmta er vinsælust þeirra allra og hljómar hér í túlkun finnska stjórnandans Pietari Inkinen, sem hefur margsinnis stjórnað SÍ við mjög góðar undirtektir áheyrenda.


Tónleikakynning » 18:00



Dúó Harpverk



Ástríður Alda Sigurðardóttir



Andrew Grams



Ligia Amadio



Dúó Harpverk

Fim. 4. júní » 19:30

Sumarblær með Dvořák

Hector Berlioz *Lér konungur, forleikur*
Stewart Copeland
Poltroons in Paradise
Antonín Dvořák *Sinfónía nr. 6*
Andrew Grams hljómveitarstjóri
Dúó Harpverk einleikarar

Upphafsverk þessara síðustu áskriftartónleika vetrarins er *Lér konungur* (*Grande ouverture du roi Lear*), glæsilegur forleikur sem Berlioz samdi í Nice. Hann var þá á heimleið eftir frægðarför um Ítalíu þar sem hann hlaut hin virtu Prix de Rome verðlaun.

Einleiksverkið er *Poltroons in Paradise*, splunkunýr konsert fyrir ásláttarhljóðfæri eftir Stewart Copeland sem er fyrrverandi trommuleikari bresku rokkhljómveitarinnar *The Police* og í dag virt tónskáld. Verkið var frumflutt af Fílharmóníuhljómveitinni í Liverpool þann 23. maí síðastliðið.

Melódíuflóð hinnar glaðlegu *6. sinfóníu* Dvořáks setur endapunktinn á tónleikana og fylgir tónleikagestum út í bjart sumarkvöldið.

Dúó Harpverk hefur starfað frá 2007 og er skipað tveimur sinfóníufélögum, þeim Katie Buckley hörpuleikara og Frank Aarnink slagverksleikara. Fyrir þau hafa íslensk og erlend tónskáld samið ríflega 80 tónverk sem dúóið hefur flutt á tónleikum og tónlistarhátíðum innanlands og utan. Sólóráddirnar í slagverkskonsert Copelands eru sérstaklega umritaðar fyrir Dúó Harpverk.

Bandaríski hljómveitarstjórinn Andrew Grams stjórnar Sinfóníuhljómveit Íslands nú í fyrsta sinn en hann hefur stjórnað mörgum þekktum hljómveitum í þremur heimsálfum.

Fim. 11. júní » 19:30

Höfuðtónskáld og frumkvöðlar

Ethel Smyth *The Wreckers, forleikur*
Jórunn Viðar Slátta, *píanókonsert*
Anna Þorvaldsdóttir *Dreymi*
Amy Beach *Gelíska sinfónían*
Ligia Amadio
hljómveitarstjóri
Ástríður Alda Sigurðardóttir
einleikari

Stór hljómveitarverk eftirtektarverðra tónskálda; baráttukvenna og brautryðjenda verða í brennidepli þegar aldarafmælis kosningaréttar íslenskra kvenna verður minnst á sögulegum tónleikum Sinfóníuhljómveitar Íslands. Jórunn Viðar, eitt af höfuðtónskáldum 20. aldarinnar á Íslandi, Ethel Smyth sem var betur þekkt sem pólitískur aðgerðasinni og kvenréttindakona, þrátt fyrir ótvíræða tónlistarhæfileika, og Amy Beach sem var fyrsta bandaríska kventónskáldið sem átti miklum vinsældum að fagna heima fyrir og í Evrópu; þessar listakonur ruddu brautina fyrir komandi kynslóðir tónsmiða.

Anna Þorvaldsdóttir er í fremstu röð yngri tónskálda en hún hlaut meðal annars Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir verk sitt *Dreymi*. Einleikari á tónleikunum er Ástríður Alda Sigurðar-

dóttir píanóleikari og stjórnandi er aðalhljómveitarstjóri Sinfóníuhljómveitarinnar í Rio de Janeiro, Ligia Amadio sem hefur stjórnað þekktum hljómveitum í Ameríku, Asíu og Evrópu og hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín.

Tónleikarnir eru hluti af dagskrá sem haldin er í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi.

„Það eina sem skiptir máli er tónninn í manni sjálfum og hvað verður úr honum“

— Jórunn Viðar

100 | KOSNINGARÉTTUR
ÁRA | KVENNA Á ÍSLANDI



Gul tónleikaröð

Gula röðin er afbragðskostur fyrir þá sem vilja heyra fjölbreytilega klassíska tónlist.

Fim. 11. sept. » 19:30 bls. 19

Víkingur leikur Beethoven

Páll Pampichler Pálsson *Largo mistico*

Ludwig van Beethoven

Píanókonsert nr. 1

Sergej Prokofiev *Sinfónía nr. 6*

Pietari Inkinen hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Fim. 25. sept. » 19:30 bls. 23

Eva og Mahler

Max Bruch *Fíðlukonsert nr. 1*

Gustav Mahler *Sinfónía nr. 5*

Lionel Bringuier hljómsveitarstjóri

Eva Þórarinsdóttir einleikari

Fim. 27. nóv. » 19:30 bls. 33

Sellókonsert og sínfónía

Felix Mendelssohn-Bartholdy

Fingalshellir, forleikur

John Speight Sellókonsert

Ralph Vaughan Williams *Sinfónía nr. 4*

Israel Yinon hljómsveitarstjóri

Bryndís Halla Gylfadóttir einleikari

Fim. 5. feb. » 19:30 bls. 43

Sinfóníur nr. 3 með Osmo

Jean Sibelius *Sinfónía nr. 3*

Anton Bruckner *Sinfónía nr. 3*

Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri

Fim. 5. mars » 19:30 bls. 49

Tine Thing og Tortelier

Edward Elgar *Á suðurslóðum, forleikur*

Henri Tomasi *Trompetkonsert*

Pjotr Tsjajkovskij *Sinfónía nr. 1*

Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri

Tine Thing Helseth einleikari

Fim. 30. apríl » 19:30 bls. 59

Postnikova og

Rozhdestvenskij

Ígor Stravinskij *Pulcinella, svíta*

Sergej Rakhmanínov

Píanókonsert nr. 4

Pjotr Tsjajkovskij

Hljómsveitarsvíta nr. 3

Gennadij Rozhdestvenskij

hljómsveitarstjóri

Viktoria Postnikova einleikari

Fim. 4. júní » 19:30 bls. 65

Sumarblær með Dvořák

Hector Berlioz *Lér konungur, forleikur*

Stewart Copeland

Poltrons in Paradise

Antonín Dvořák *Sinfónía nr. 6*

Andrew Grams hljómsveitarstjóri

Dúó Harpverk einleikarar

Rauð tónleikaröð

Fyrir þá sem vilja hlusta á stóra sínfóníuhljómsveit í öllu sínu veldi leika kröftuga og áhrifamikla tónlist.

Fim. 4. sept. » 19:30 bls. 19

Upphafstónleikar

með Litton

Richard Strauss

Ævintýri Ugluspegils

Sex Brentano-söngvar

Ludwig van Beethoven *Sinfónía nr. 7*

Andrew Litton hljómsveitarstjóri

Golda Schultz einsöngvari

Fim. 2. okt. » 19:30 bls. 23

Kissin og Ashkenazy

Johannes Brahms *Sinfónía nr. 3*

Sergej Rakhmanínov

Píanókonsert nr. 2

Vladimir Ashkenazy

hljómsveitarstjóri

Evgeny Kissin

einleikari

Fim. 6. nóv. » 19:30 bls. 31

Rumon stjórnar Korngold

Vincent d'Indy *Le camp de Wallenstein*

Sveinn Lúðvík Björnsson

Klarínettukonsert

Erich Wolfgang Korngold *Sinfónía*

Rumon Gamba hljómsveitarstjóri

Einar Jóhannesson einleikari

Fim. 22. jan. » 19:30 bls. 41

Macbeth og Kullervo

Richard Strauss

Macbeth, sínfónískt ljóð

Jean Sibelius *Kullervo, sínfónískt ljóð*

Petri Sakari hljómsveitarstjóri

Jorma Hynninen og

Þóra Einarsdóttir einsöngvarar

Karлакór Reykjavíkur og

Karлакórinn Fóstbræður

Fim. 19. feb. » 19:30 bls. 47

Beethoven og Stravinskij

Ludwig van Beethoven

Leónóra, forleikur nr. 2

Ígor Stravinskij *Fíðlukonsert*

Ludwig van Beethoven *Sinfónía nr. 2*

Santtu-Matias Rouvali

hljómsveitarstjóri

Pekka Kuusisto einleikari

Fim. 26. mars » 19:30 bls. 55

Benedetti leikur Mozart

Ottorino Respighi *Trittico Botticelliano*

Wolfgang Amadeus Mozart

Fíðlukonsert nr. 5

Paul Hindemith

Mathis der Maler, sínfónía

Hans Graf hljómsveitarstjóri

Nicola Benedetti einleikari

Fim. 28. maí » 19:30 bls. 63

Chopin og Nielsen

Frédéric Chopin *Píanókonsert nr. 1*

Carl Nielsen *Sinfónía nr. 5*

Pietari Inkinen hljómsveitarstjóri

Simon Trpčeski einleikari

Græn tónleikaröð

Þeir sem hafa gaman af vinsælli og grípandi klassískri tónlist ættu að kynna sér Grænu röðina.

Fim. 18. sept. » 19:30 bls. 21 Fim. 23. okt. » 19:30 bls. 29 Fim. 8. jan. » 19:30 bls. 39

Úr nýja heiminum

Bedřich Smetana *Moldá*
Sergej Prokofjev
Fíðlukonsert nr. 2
Antonín Dvořák
Sinfónía nr. 9, „Úr nýja heiminum“
Eivind Aadland hljómsveitarstjóri
Barnabás Kelemen einleikari

Rússneskir meistarar

Sergej Rakhmaninov *Kletturinn*
Pjotr Tsajkovskij *Rókókó-tilbrigðin*
Dmitrij Shostakovitsj *Sinfónía nr. 9*
Pascal Rophé hljómsveitarstjóri
Tanja Tetzlaff einleikari

Vínartónleikar 2015

Glæsileiki og gleði einkennir vínartónlistina sem mörgum þykir ómissandi í upphaf nýs árs.
David Danzmayr hljómsveitarstjóri
Dísella Lárusdóttir og **Garðar Thor Cortes** einsöngvarar

Fim. 12. mars » 19:30 bls. 53

Anna-Maria stjórnar Sibeliusi

Magnus Lindberg *Expo*
Joaquín Rodrigo *Concierto Pastoral*
Jean Sibelius *Sinfónía nr. 1*
Anna-Maria Helsing hljómsveitarstjóri
Áshildur Haraldsdóttir einleikari

Fim. 9. apríl » 19:30 bls. 55

Meiri Mozart

Wolfgang Amadeus Mozart
Sinfónía nr. 32
Píanókonsert í d-moll
Valentin Silvestrov *Sendiboðinn*
Wolfgang Amadeus Mozart
Sinfónía nr. 40
Olari Elts hljómsveitarstjóri
Shai Wosner einleikari

Litli tónsprotinn

Áskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem ungir tónlistarunnendur fá tækifæri til að kynnast töfrum tónlistarinnar.

Lau. 4. okt. » 14:00 bls. 25 Lau. 13. des. » 14:00 bls. 35 Lau. 14. feb. » 14:00 bls. 45

Ástarsaga úr fjöllumum

Guðni Franzson *Ástarsaga úr fjöllumum*
Edvard Grieg
Prelúdíá úr Holberg-svitunni
Tröllamars
Guðni Franzson hljómsveitarstjóri
Egill Ólafsson sögumaður

Jólatónleikar Sinfóníunnar

Robert Sheldon *Jólaforleikur*
Vladimir Rebikov *Úr Jólatréssvitunni*
Jórunn Viðar
Það á að gefa börnum brauð
Jól
Vince Guaraldi *Jólastemning*
Jester Hairston *Boðskapur Lúkasar*
Sigild jólalög
Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynnir
Hulda Björk Garðarsdóttir og **Kolbrún Völkudóttir** einsöngvarar
Ungir hljóðfæraleikarar, ballettdansarar og kórar

Hetjur og valkyrjur

John Williams
Ólympísk lúðraköll
Raiders March úr *Indiana Jones*
Hugi Guðmundsson *Djárninn á Myrká*
Aram Khatsjaturjan *Sverðdansinn*
Jerry Goldsmith *Svíta úr Mulan*
Gioacchino Rossini
Vilhjálmur Tell, forleikur
Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynnir

Lau. 25. apríl » 14:00 bls. 59

Dimmalimm og Svanavatnið

Atli Heimir Sveinsson
Dimmalimm,
Kvæðið um fuglana
Pjotr Tsajkovskij *Úr Svanavatninu*
Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynnir
Nemendur úr Listdansskóla Íslands
Graduale-kór Langholtskirkju



Ýmsir tónleikar

Mið. 1. okt. » 19:30	bls. 23	Sun. 5. okt. » 17:00	bls. 25	Fös. 7. nóv. » 20:00	bls. 31	
Kissin og Ashkenazy Johannes Brahms <i>Sinfónía nr. 3</i> Sergej Rakhmaninov <i>Píanókonsert nr. 2</i> Vladimir Ashkenazy hljómsveitarstjóri Evgeny Kissin einleikari	Petri stjórnar Ungsveitinni Pjotr Tsjajkovskij <i>Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur</i> Modest Músorgskij <i>Myndir á sýningu</i> Petri Sakari hljómsveitarstjóri	The Miners' Hymns Sinfónían á Iceland Airwaves Jóhann Jóhannsson Bill Morrison <i>The Miners' Hymns</i> Guðni Franzson hljómsveitarstjóri Jóhann Jóhannsson einleikari				
Fim. 4. des. » 19:30	bls. 33	Lau. 13. des. » 16:00	bls. 35	Fös. 9. jan. » 19:30	bls. 39	
Aðventutónleikar Johann Sebastian Bach <i>Hljómveitarsvíta nr. 1</i> <i>Konsert fyrir tvær fiðlur í d-moll</i> <i>Brandenborgarkonsert nr. 1</i> <i>Hljómveitarsvíta nr. 3</i> Dirk Vermeulen hljómsveitarstjóri Sigrún Eðvaldsdóttir og Nicola Lolli einleikarar	Sun. 14. des. » 14:00	bls. 35	Lau. 10. jan. » 16:00	bls. 39	Lau. 10. jan. » 19:30	bls. 39
	Jólatónleikar Sinfóníunnar Robert Sheldon <i>Jólaforleikur</i> Vladimir Rebikov <i>Úr Jólatréssvítunni</i> Jórunn Viðar <i>Það á að gefa börnum brauð, Jól</i> Vince Guaraldi <i>Jólastemning</i> Jester Hairston <i>Boðskapur Lúkasar</i> Sigild jólalög Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri Trúðurinn Barbara kynnir Hulda Björk Garðarsdóttir og Kolbrún Völkudóttir einsöngvarar Ungir hljóðfæraleikarar, ballettdansarar og kórar	Vínartónleikar 2015 Lífleg og skemmtileg vínartónlist úr ýmsum áttum. David Danzmayr hljómsveitarstjóri Dísella Lárusdóttir og Garðar Thor Cortes einsöngvarar				

Fim. 15. jan. » 19:30	bls. 41	Fim. 29. jan. » 19:30	bls. 43	Mið. 25. feb. » 20:00	bls. 49
Ungir einleikarar Efnisskrá kynnt síðar Torodd Wigum hljómsveitarstjóri Sigurveggarar úr einleikarakeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands	Meistarataktar Porkell Sigurbjörnsson <i>Ymur</i> Leifur Þórarinnsson <i>Hnit</i> Porkell Sigurbjörnsson <i>Niður, kontrabassakonsert</i> Hilmar Þórðarson <i>Lupus chorea</i> Leifur Þórarinnsson <i>Fiðlukonsert</i> Petri Sakari hljómsveitarstjóri Hávarður Tryggvason og Sigrún Eðvaldsdóttir einleikarar	Eivør í Norðurljósum Eivör syngur sín bestu lög með Sinfóníunni og sinni hljómsveit. Eivør Pálsdóttir			
Fös. 13. mars » 19:30	bls. 53	16., 17. & 18. apríl	bls. 57	Fös. 8. maí » 19:30	bls. 61
Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hofi Magnus Lindberg <i>Expo</i> Joaquín Rodrigo <i>Concierto Pastoral</i> Jean Sibelius <i>Sinfónía nr. 1</i> Anna-Maria Helsing hljómsveitarstjóri Áshildur Haraldsdóttir einleikari	Tectonics Reykjavík Tónlistarhátíð fyrir áhugafólk um nýja og spennandi tónlist. Ilan Volkov listrænn stjórnandi	Chaplin – Modern Times Sinfónían flytur tónlistina úr Modern Times, einu helsta snilldarverki Chaplins. Charles Chaplin <i>Modern Times</i> Frank Strobel hljómsveitarstjóri			
Mið. 13. maí » 19:30	bls. 61	Fös. 22. maí » 19:30	bls. 63	Fim. 11. jún. » 19:30	bls. 65
Rómeó og Júlía Pjotr Tsjajkovskij <i>Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur</i> Leonard Bernstein <i>Sinfónískir dansar úr West Side Story</i> George Gershwin <i>Porgy og Bess, sífónískar myndir</i> Pjotr Tsjajkovskij <i>Francesca da Rimini</i> Rico Saccani hljómsveitarstjóri	Peter Grimes á Listahátíð Benjamin Britten <i>Peter Grimes</i> Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri Stuart Skelton Ólafur Kjartan Sigurðarson einsöngvarar Aðrir söngvarar kynntir síðar Kór Íslensku óperunnar	Höfuðtónskáld og frumkvöðlar Ethel Smyth <i>The Wreckers, forleikur</i> Jórunn Viðar <i>Slátta, píanókonsert</i> Anna Þorvaldsdóttir <i>Dreymi</i> Amy Beach <i>Gelíska sífónían</i> Ligia Amadio hljómsveitarstjóri Ástriður Alda Sigurðardóttir einleikari			

Ýmsir viðburðir

Gestum að kostnaðarlausu

Mán. 18. ágúst » 19:30 bls. 15

Opið hús / PROMS

Haukur Tómasson, Magma (Storka)
Jón Leifs, Geysir
Robert Schumann, Píanókoncert í a-moll
Ludwig van Beethoven, Sinfónía nr. 5

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Jonathan Biss einleikari

Mán. 1. sept. » 20:00 bls. 13

101 Klassísk tónlist

Allt sem þú vildir vita og þorðir ekki að spyrja

Árni Heimir Ingólfsson umsjón

Fim. 4. sept. » 18:00 bls. 19

Tónleikakynning

Upphafstónleikar með Litton

Sigurður I. Snorrason umsjón

Fim. 11. sept. » 18:00 bls. 19

Tónleikakynning

Víkingur leikur Beethoven

Helgi Jónsson umsjón

Fim. 18. sept. » 18:00 bls. 21

Tónleikakynning

Úr nýja heiminum

Hjördís Ástráðsdóttir umsjón

Lau. 20. sept. » 11:30 bls. 21

Barnastund Sinfóníunnar

Barnastundin í Hörpuhorni er ætluð yngstu hlustendum Sinfóníunnar þar sem létt tónlist er flutt í um það bil hálf tíma. Aðgangur ókeypis.

Fim. 25. sept. » 18:00 bls. 23

Tónleikakynning

Eva og Mahler

Helgi Jónsson umsjón

Fim. 23. okt. » 18:00 bls. 29

Tónleikakynning

Rússneskir meistarar

Hjördís Ástráðsdóttir umsjón

Fös. 24. okt. » 12:10 bls. 29

Hádegistónleikar í Flóa

Sinfóníuhljómsveitin býður gestum og gangandi á opna hádegistónleika í Flóa í Hörpu.

Fim. 6. nóv. » 18:00 bls. 31

Tónleikakynning

Rumon stjórnar Korngold

Helgi Jónsson umsjón

Fim. 27. nóv. » 18:00 bls. 33

Tónleikakynning

Sellókoncert og sífónía

Sigurður I. Snorrason umsjón

Fim. 22. jan. » 18:00 bls. 41

Tónleikakynning

Macbeth og Kullervo

Sigurður I. Snorrason umsjón

Lau. 14. feb. » 11:30 bls. 45

Barnastund Sinfóníunnar

Barnastundin í Hörpuhorni er ætluð yngstu hlustendum Sinfóníunnar þar sem létt tónlist er flutt í um það bil hálf tíma. Aðgangur ókeypis.

Fös. 20. feb. » 12:10 bls. 47

Hádegistónleikar í Flóa

Sinfóníuhljómsveitin býður gestum og gangandi á opna hádegistónleika í Flóa í Hörpu.

Fim. 5. mars » 18:00 bls. 49

Tónleikakynning

Tine Thing og Tortelier

Sigurður I. Snorrason umsjón

Fim. 12. mars » 18:00 bls. 53

Tónleikakynning

Anna-Maria stjórnar Sibeliusi

Hjördís Ástráðsdóttir umsjón

Fim. 26. mars » 18:00 bls. 55

Tónleikakynning

Benedetti leikur Mozart

Helgi Jónsson umsjón

Fim. 9. apríl » 18:00 bls. 55

Tónleikakynning

Meiri Mozart

Hjördís Ástráðsdóttir umsjón

Fim. 30. apríl » 18:00 bls. 59

Tónleikakynning

Postnikova og Rozhdestvenskij

Sigurður I. Snorrason umsjón

Fim. 28. maí » 18:00 bls. 63

Tónleikakynning

Chopin og Nielsen

Helgi Jónsson umsjón



Öflugt fræðslustarf

Fræðslustarf er mikilvægur þáttur í starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar og hefur verið allt frá stofnun hennar. Fræðslustarfið byggir á gömlum merg en er í stöðugri framþróun þar sem áhersla er lögð á gæði og fjölbreytta miðlun. Boðið er upp á skólatónleika, opnar æfingar fyrir framhaldsskóla- og tónlistarnema. Farið verður í heimsóknir í skóla og umönnunarstofnanir og eldri borgurum boðið í heimsókn. Í vetur verður boðið upp á fjölskyldutónleika Litla tónsprotans og hinar vinsælu Barnastundir sem ætlaðar eru yngstu hlustendunum.

Skólatónleikar

Á hverju starfsári heldur Sinfóníuhljóm-sveit Íslands fjölmarga skólatónleika þar sem nemendum, allt frá leik-skólaaldri til framhaldsskólanema, er boðið að hlusta á vandaða dagskrá í tali og tónum. Skólatónleikar hljómsveitarinnar hafa vakið verðskuldaða eftirtekt þar sem tónverk hverra tónleika eru sniðin að ákveðnum aldurshópi.

Bókanir á fræðsluviðburði

Skólar geta bókað fyrir nemendur sína á fræðsluviðburði vetrarins frá lokum ágústmánaðar 2014. Nánari upplýsingar er að finna á vef hljómsveitarinnar, www.sinfonia.is/fraedslustarf.

Skóla- og stofnanaheimsóknir

Sinfóníuhljómsveitin sækir grunnskóla, dvalarheimili og spítala heim u.þ.b. einu sinni á starfsári með léttu og fjölbreytta tónlist í farteskinu.

Opnar æfingar

Á opnum æfingum er framhaldsskóla- og tónlistarnemum ásamt eldri borgurum boðið að hlýða á valin verk sem oft eru kynnt af hljómsveitarstjóra eða einleikara. Nærvera við hljómsveitina og hljómsveitarstjórnann er meiri - öðruvísi upplifun í miðri hljómkviðunni.

Áheyrnarprufur og keppni

Árlega eru haldnar áheyrnarprufur og keppni fyrir unga efnilega tónlistarnema þar sem sigurvegarar fá í framhaldinu að leika einleik með Sinfóníuhljómsveitinni. Nánari upplýsingar er að finna á vef hljómsveitarinnar.

Í ár er leitað eftir tveimur ungum hljóðfærleikurum, þverflautuleikar og hörpuleikara til að leika lagið *Jól* eftir Jórunni Viðar á jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Einleikarakeppni fyrir tónlistarnemendur á háskólastigi, sem haldin er í samvinnu við LHÍ, fer fram á haustdögum en sigurvegarar þeirrar keppni leika á tónleikunum Ungum einleikurum í janúar með Sinfóníuhljómsveitinni.

Ungsveit SÍ 2014

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands heldur sína sjöttu tónleika nú í byrjun október. Ungsveitin flytur Myndir á sýningu eftir Músorgskj og Rómeó og Júlíu eftir Tsjajkovskj undir stjórn Petris Sakari, fyrrum aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Hljóðfærleikarar Sinfóníunnar miðla af reyngslu sinni og þekkingu og eru virkir í starfsemi Ungsveitarinnar.

Litli tónsprotinn - er röð vandaðra og glæsilegra fjölskyldutónleika. Verkefna-val tónleikanna miðast við tónleikagesti frá fimm ára aldri. Á Litla tónsprotanum kynnast börn töfraheimi tónlistarinnar á lifandi og skemmtilegan hátt.

Fyrir þau allra yngstu


Barnastund Sinfóníuhljómsveitarinnar er ætluð yngstu hlustendunum. Í Barnastundinni er flutt tónlist í um það bil 30 mínútur í Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg. Tónlistin og lengd Barnastundarinnar er sérstaklega sniðin að þeim hópi sem er of ungur til að sitja heila tónleika í Litla tónsprotanum.

Tvær barnastundir verða á starfsárinu. Sérstakur gestur stundarinnar er Maxímús Músíkús. Aðgangur ókeypis.

Maxímús Músíkús er stærsta menntaverkefni sem Sinfóníuhljómsveitin, í samvinnu við höfunda verksins Hallfríði Ólafsdóttur og Þórarín Má Baldursson, hefur tekist á hendur. Fjórar bækur ásamt geisladiski með leik hljómsveitarinnar hafa verið gefnar út og njóta fádæma vinsælda jafnt innanlands sem utan.

Hægt er að nálgast allar upplýsingar um fræðslustarf komandi starfsárs frá lokum ágústmánaðar á vef hljómsveitarinnar.





Þín eigin tónleikaröð með veglegum afslætti!

Áskriftarkort

Svæði	Rauð	Gul	Græn	Tónsprotinn
1	30.240 kr.	30.240 kr.	21.600 kr.	8.000 kr.
1+	38.640 kr.	38.640 kr.	27.600 kr.	8.000 kr.
2	26.320 kr.	26.320 kr.	18.800 kr.	6.720 kr.
3	20.160 kr.	20.160 kr.	14.400 kr.	

Almennt miðaverð

Svæði	Almennt	Svæði	Tónsprotinn
1	5.400 kr.	1	2.500 kr.
1+	6.900 kr.	1+	2.500 kr.
2	4.700 kr.	2	2.100 kr.
3	3.600 kr.	3	2.100 kr.
4	2.400 kr.	4	2.000 kr.

Athugið að almennt miðaverð gildir um flesta tónleika SÍ en þó er lægra miðaverð á tónleika Litla tónsprotans, Ungsveitina, Unga einleikara, Myrka músíkdaga, Chaplin – Modern Times, The Miners' Hymns og Tectonics-tónlistarhátíðina. Hækkað verð er á Kissin og Ashkenazy, Vínartónleika og Peter Grimes á Listahátíð. Sjá nánar á www.sinfonia.is.

Hægt er að kaupa Regnbogakort með fernum tónleikum eða fleiri úr hvaða röð sem er eða utan raða. Regnbogakort veitir 20% afslátt.

Afsláttur fyrir 25 ára og yngri 50% afsláttur er af Regnbogakortum í verðsvæði 2, 3 og 4.

Áskriftarkort Áskrift veitir þér 20% afslátt af almennu miðaverði. Áskrifendur fá einnig 10% afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika. Ef keyptar eru tvær áskriftarraðir, t.d. Gul og Rauð, er veittur 25% afsláttur. Ef keyptar eru þrjár raðir, Gul, Rauð og Græn, er veittur 30% afsláttur.

Hópafsláttur Veittur er 10% afsláttur fyrir 25–50 miða en 15% fyrir hópa stærri en 50.

Miðasala Miðasala í anddyri Hörpu er opin 9–18 virka daga og 10–18 um helgar og fram að upphafi tónleika. Miða má kaupa á Netinu á www.sinfonia.is, www.harpa.is, midi.is og í síma 528 5050.

Bílastæði Í kjallara Hörpu eru gjaldskyld bílastæði. Athugið að bílakjallaranum er lokað á miðnætti en er opnaður kl. 7 að morgni alla virka daga og kl. 10 um helgar. Hægt er að greiða bílastæði fyrir allt tónleikaárið fyrirfram á tónleikadaga að eigin vali.

Aðgengi fatlaðra Sérstök sæti fyrir hreyfihamlaða eru á aðal-gólfi og í stúku á 1. svölum.

Sinfónían á Netinu Við hvetjum alla til að skrá sig á póstlistann á www.sinfonia.is og fá reglulega sendar fréttir af tónleikum og tilboðum. Einnig er hægt að gerast vinur Sinfóníunnar á Facebook, fylgja okkur á Twitter og Instagram.

Efnisskrár tónleika eru birtar á vefnum daginn fyrir tónleika.

Tónleikaupptökur Hægt er að nálgast upptökur frá tónleikum á ruv.is í fjórar vikur frá tónleikadegi.

Endurnýjun korta hefst 18. júní og sala nýrra áskrifta- og Regnbogakorta hefst 25. júní 2014.
Almenn miðasala hefst 19. ágúst 2014.

Athugið að miðaverð getur verið breytilegt á einstaka tónleika. Tilhögun tónleika, miðaverð og annað sem greint er frá í þessum bæklingi kann að breytast án fyrirvara.

Hljóðfæraleikarar og starfsmenn

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Nicola Lolli
Sif Tulinius
Una Sveinbjarnardóttir
Andrzej Kleina
Ágústa Jónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lauvey Sigurðardóttir
Lin Wei

Margrét Kristjánsdóttir
Mark Reedman
Olga Björk Ólafsdóttir
Pálína Árnadóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Sigríður Hrafnkelsdóttir
Zbigniew Dubik

2. fiðla

Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Christian Diethard
Dóra Björgvinsdóttir
Greta Guðnadóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Joanna Bauer, leyfi
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðardóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross

Víola

Þórunn Ósk Marínósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Sesselja Halldórsdóttir
Þórarinn Már Baldursson

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir, leyfi
Sigurgeir Agnarsson
Auður Ingvadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Inga Rós Ingólfssdóttir
Júlía Mogensen
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Ólöf S. Óskarsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

Fagott

Michael Kaulartz
Brjann Ingason
Rúnar Vilbergsson

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jónsson
Lilja Valdimarsdóttir

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley
Elísabet Waage, afleysing

Píanó

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Árni Áskelsson
Frank Aarnink

Starfsmenn

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri

Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Margrét Ása Jóhannsdóttir nótna- og skjalavörður, afleysing
Þórunn Vala Valdimarsdóttir nótnaumsjón
Monika Abendroth nótnaumsjón, afleysing
Grímur Grímsson sviðsstjóri
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Bengt Árstad listrænn ráðgjafi
Árni Heimir Ingólfsson
listrænn ráðgjafi, frá 01.08.14



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og nán góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt

þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphíu. Fiðlan ber oft en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is